




ÁRSKÝRSLA 2021

ÁVARP FORMANNS	3
ÁVARP SKÓLAMEISTARA	4
STEFNA OG GILDI SKÓLANS	5
Stefna	5
Gildi	6
Helstu mælistikur Tækniskólans	7
SJÁLFSMAT OG INNRA EFTIRLIT	8
Vottað gæðakerfi	8
Öryggis- og heilbrigðismál	8
Vinnustaðgreining	9
Kennslumat og viðhorfskönnun	9
STJÓRN OG STJÓRNENDUR	10
Eigendur og stjórn	10
Stjórnendur	11
SKÓLAR TÆKNISKÓLANS	12
Tækniskólinn	12
Tengsl við atvinnulífið	12
Kjarnaskóli	12
Námskeið	12
Spannakerfi	13
Af nýbyggingarmálum	13
Skólar Tækniskólans	13
BRAUTSKRÁNING	22
Vorönn	22
Haustönn	24
ÞJÓNUSTA	26
Náms- og starfsráðgjöf	26
Sálfræðiþjónusta	27
Forvarnir	28
Félagsmálafulltrúi	28
Jafnréttismál	28
Upplýsinga- og alþjóðadeild	28
FÉLAGSLÍFID	30
Félagslífið	30
Fyrirkomulag og félög	30
Stjórn	30
Markverðir viðburðir í félagslífinu	31
MARKVERÐIR VIÐBURÐIR	32
STARFSMENN	36
Starfsmenn	36
Starfsmannafélag og viðburðir	36
Stefnumótunardagur	36
SKÓLAHALD Í HEIMSFARALDRI	37
Skólastarf í faraldri	37
Útskriftarathafnir	38
Heimsóknir og félagslíf	38
TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR	39
Nemendafjöldi í dagskóla	40
Aldursdreifing í dagskóla	41
Dreifnám	42
Kynjaskipting	43
Afkoma ársins	49

ÁVARP FORMANNS



Öflugt iðn- og verknám er ein af grunnstoðum atvinnulífsins og samfélagsins alls. Því miður er mikil vöntun á iðn- og verkmenntuðu fólki í landinu enda hefur hlutfall nemanda sem velur verknám að loknum grunnskóla lengi verið mun lægra héraðs en í öðrum OECD ríkjum. Árum saman hafa stjórnvöld og hagsmunaaðilar unnið að því að auka áhuga ungs fólks á verk- og tæknámi. Árangurinn lét lengi á sér standa en á liðnum árum hefur loks orðið breyting þar á og er ánægjulegt að sjá aukna aðsókn að verknámi í landinu. Á sama tíma er auðvitað ekki ásættanlegt að vísa þurfi mörg hundruð nemum frá skólavist í verknámi ár hvert þar sem fjármagn hefur ekki verið tryggt í takt við þá auknu aðsókn sem barist hefur verið fyrir. Hér fer einfaldlega ekki saman hljóð og mynd hjá stjórnvöldum og það sem verra er að enn eru engar vísbendingar um að þetta sé að breytast. Vissulega hefur hluti þessara umsækjenda fengið inni í öðrum skólum en ekki endilega í verknámi né í því námi sem þeir vildu helst fara í.

Tækniskólinn er fjölmennasti framhaldsskóli landsins og leiðandi í verk- og tæknimenntun á Íslandi. Nú stunda liðlega 3.000 nemendur nám við skólann á 50 mismunandi brautum. Sívaxandi fjöldi umsókna að skólanum ber öfluglu starfi skólans gott vitni og er um leið áskorun um að efla skólann enn frekar. Starfsemi skólans fer nú fram í níu fasteignum víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu. Eru flestar þeirra komnar til ára sinna og henta ekki kröfum nútímans. Undirbúningur byggingar nýs 30 þúsund fermetra húsnæðis fyrir alla skólastarfsmenn hefur staðið yfir í um 4 ár. Undanfarið hefur verið unnið að innri þarfagreiningu með starfsmönnum skólans en umfram allt verður lögð áhersla á að auðvelt verði að breyta innra skipulagi skólans og aðlaga að breyttum námsáherslum og tækniþróun á hverjum tíma. Sumarið 2021 undirrituðu stjórnvöld, Hafnarfjarðarbær og Tækniskólinn viljayfirlýsingu um framtíðarhúsnæði skólans við Flensborgarhöfn í Hafnarfirði. Í undirbúningsvinnunni og samtali við Hafnarfjarðarbæ hefur verið lögð rík áhersla á að skólahúsnæðið muni ekki eingöngu nýtast nemendum heldur einnig

nærsamfélaginu til upþákoma, svo sem tónleika og fyrirlestra, og nýsköpunarstarfs og þar verði einnig aðgangur að bókasafni, heilsurækt, kaffihúsi og fleira.

Í núverandi stjórnarsáttmála er skýrt kveðið á um nýbyggingu skólans, en þar segir: „Byggðar verða nýjar höfuðstöðvar fyrir Tækniskólann í Hafnarfirði og unnið að eflingu iðn- og verknáms um land allt“. Vissulega olli það áhyggjum þegar í ljós kom nýr skóli reyndist ekki inni á fjármálaáætlun 2022 - 2026 en ráðherra mennta- og barnamála er eigi að síður einarður í málinu og vinnur nú að framgangi þess í takt við stjórnarsáttmálann. Áætlað er að hönnun og bygging skólans taki um 5 ár.

Í takt við nýja reglugerð um vinnustaðanám hefur Tækniskólinn nú umsjón með sínum nemendum í vinnustaðanámi ásamt gerð og staðfestingu vinnustaðanámssamninga. Aðkoma fyrirtækja að iðn-, verk- og tækninámi er mjög mikilvæg, ekki síst þegar kemur að því að taka nemendur á samning. Það er fagnaðarefni að nú þegar hafa um 200 fyrirtæki innan Samtaka iðnaðarins staðfest mikilvægan sáttmála um eflingu vinnustaðanáms. Með þessu vilja fyrirtækin axla ábyrgð á að nemendur geti öðlast góða menntun sem stenst alþjóðleg viðmið og opnar nemendum fjölmargar dyr. Annað dæmi um sterkt og nauðsynlegt samstarf við atvinnulífið er nýtt nám í jarðvirkjun sem hefst haustið 2022 í húsnæði skólans í Hafnarfirði. Námið hefur verið þróað með Félagi vinnuvélaeigenda, Samtökum iðnaðarins og Mennta- og barnamálaráðuneytinu.

Sunnudaginn 22. maí 2022 var fjölmennasta útskrift Tækniskólans frá upphafi en þá voru brautskráðir 483 nemendur við hátíðlega athöfn í Eldborgarsal Hörpu. Um leið og ég óska nemendum til hamingju með brautskráninguna vil ég þakka stjórnendum skólans, kennurum og öðrum starfsmönnum fyrir öflugt starf í metnaðarfullum skóla. Einnig vil ég þakka stjórn skólans fyrir ánægjulegt samstarf.

Egill Jónsson, formaður stjórnar Tækniskólans



ÁVARP SKÓLAMEISTARA

Árið 2021 fer í sögubækurnar fyrir það að vera ár númer tvö þar sem við glímdum við COVID-19 faraldurinn og neyðarstjórnarstarf var orðið að föstum vana veruleikans frekar en að vera stund-að einstaka sinnum og þá helst í æfingaskyni. Það var líka árið þar sem aðsókn í skólann náði nýjum hæðum, þá sérstaklega úr hópi grunnskólanema þar sem yfir 400 tíundu bekkinga settu Tækniskólann í fyrsta val. Og þetta var árið þar sem yfirlýsing um nýjan Tækniskóla rataði inn í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Að reka starfsmenntaskóla í heimsfaraldri hefur verið gríðarleg áskorun. Að halda úti staðbundinni kennslu í gegnum hverja bylgjuna á fætur annarri með mismunandi takmörkunum hefur reynt verulega á bæði starfsmenn og nemendur skólans sem hafa sýnt einstaka þrautseigju og útsjónarsemi. Að vera svo sem stjórnandi stöðugt á varðbergi til að grípa símtöl „smitrakningar“ sem var orðið tíðasta heitið í hringiskránni í símanum á köflum og fara í framhaldinu í að rekja smit var vægast sagt upplifun. En skólinn, starfsfólk hans og nemendur stóðust þess áraun með miklum sóma og koma reynslunni ríkari með fjölda verkfæra í farteskinu til að takast á við áskoranir lífsins. Stærsta verkefnið á árinu 2022 er svo að hlúa vel að bæði nemendum og starfsfólki meðan við náum jafnvægi í því sem er vonandi lok COVID-19 heimsfaraldursins.

Það var sérlega ánægjulegt þegar ráðherrar menntamála og fjármála, bæjarstjóri Hafnarfjarðar og stjórnarformaður Tækniskólans undirrituðu viljayfirlýsingu um byggingu nýs Tækniskóla í Hafnarfirði sumarið 2021. Þá var

enn ánægjulegra hversu skýrt var kveðið á um bygginguna í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar. Nú höfum við unnið hörðum höndum að málinu í 4 ár og erum byrjuð að sjá ávextina þótt þeir séu ekki enn á föstu formi. Við erum þess sannfærðar að það verði ekkert minna en bylting að fá nýtt og nútímalegt húsnæði fyrir skólann.

Meðan skólinn bíður eftir betri fermetrum er námið í skólanum í sífelldri þróun til að mæta þörfum nútímanemandsins og samfélagsins alls og er nýtt nám í jarðvirkjun það nýjasta á döfinni. Um leið heldur skólinn áfram að sækjast eftir auknu fjármagni til þess að mennta megi og útskrifa fleiri nemendur. Aðsókn í starfs- og tækninám í skólanum hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár og þótt ársnemendum (nemendaígildum) hafi verið fjölgað lítillega frá árinu 2018 dugur fjöldinn engan veginn til til þess að mæta ekki bara aukinni heldur nauðsynlegri aðsókn, m.a. í byggingargreinar þar sem mikil vöntun er í atvinnulífinu.

En áfram höldum við með hjartáhrifum og óbilandi trú á því mikilvæga starfi sem við gegnum í samfélaginu að vopni.

Við þökkum nemendum, starfsfólki og stjórn skólans kærlega fyrir gott og farsælt samstarf árið 2021.

*Hildur Ingvarsdóttir,
skólameistari*

*Guðrún Randalín Lárusdóttir,
aðstoðarskólameistari*

STEFNA OG GILDI SKÓLANS

STEFNA

Hlutverk

Hlutverk Tækniskólans er að bjóða upp á fjölbreytt og framsækið nám í góðu samstarfi við atvinnulífið og að efla nemendur til persónulegs þroska og virkrar þátttöku í samfélaginu. Kjarnastarfsemi skólans er framhaldsskóli með áherslu á tækni-, starf- og iðnnám.


Framtíðarsýn

Að Tækniskólinn sé eftirsóttur skóli með fyrirmyndar aðstöðu, þekktur fyrir fagmennsku

og nútímalegt nám. Skóli sem útskrifar framúrskarandi fagfólk.

Stoðir

Eftirsóknarverður vinnustaður og vel rekinn skóli þar sem nemendum og starfsfólki líður vel og aðstaða er til fyrirmyndar. Tækniskólinn leggur áherslu á öflug tengsl við atvinnulífið og að vera í forystu við innleiðingu á bestu kennsluáferðum hverju sinni.



Aðrar stefnur

Aðrar stefnur skólans er að finna í gæðahandbók skólans á www.tskoli.is

Forvarnarstefna

Heilsustefna

Jafnlaunastefna

Jafnréttisstefna

Persónuverndarstefna

Starfsmannastefna

Stefna gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi

Stefna í alþjóðamálum

Umhverfisstefna

Vefstefna

Öryggis-, heilbrigðis- og vinnuumhverfisstefna

að vera í forystu við innleiðingu á bestu kennslu- aðferðum hverju sinni.



GILDI

Alúð

Við sýnum hvert öðru góða framkomu, vinsemd og virðingu. Starfsfólk og nemendur sinna verkefnum af natni og fagmennsku. Nemendur læra vinnubrögð sem stuðla að öryggi, gæðum og skilvirkni.

Framsækni

Tækniskólinn er skóli margbreytileika með fjölbreyttum námsleiðum og gróskusömu félagslífi. Við berum virðingu fyrir mismunandi menningu og uppruna, þvert á kyn og stöðu einstaklinga. Við sýnum skilning og leggjum okkur fram við að efla og þroska nemendur sem best við getum.

Fjölbreytileiki

Eftirsóknarverður vinnustaður og vel rekinn skóli þar sem nemendum og starfsfólki líður vel og aðstaða er til fyrirmyndar. Tækniskólinn leggur áherslu á öflug tengsl við atvinnulífið og

HELSTU MÆLISTIKUR TÆKNISKÓLANS

ATRÍÐI TIL MÆLINGA	MARKMIÐ MÆLINGA	MÆLISTIKA	2017	2018	2019	2020	2021
Kennsla og nám							
Afföll skráðra eininga	Verði undir 15%	INNA - áramót	14,03%	13,57%	13,22%	13%	12,8%
Hlutfall staðinna eininga	Verði yfir 75%	INNA - áramót	74,24%	75,35%	78,93%	78,52%	80,3%
Vægi lokaprófa minnki	30% á þremur árum	INNA - áramót	0%	0%	0%	0%	0%
Notkun ferilmöppu sem hluta námsmats	30% á ári	Kennsluáætlanir	Í gangi	Í gangi	Í gangi	Í gangi	Í gangi
Mannauður							
Viðhorfskannanir - 1 könnun á ári víxl starfsmenn/nemendur	Kanna viðhorf	Skýrsla	Stm/nem	Starfs.	Starfs.	Stm/nem.	Stm/nem.
Heildarniðurstöður kennslumats	Yfir 4	Skýrsla	4,25	4,36	4,49	4,36	4,40
Niðurstaða áfangahluta kennslumats	Yfir 4	Skýrsla	4,17	4,25	4,32	4,26	4,29
Rekstur							
Tekjur aðrar en opinber framlög og nemendagjöld	10% á þremur árum	Fjárhagsyfirlit	22,00%	15,23%	12,57%	10,17%	10,05 %
Meðalnýting í kennsluhópum	Yfir 90% á hverju ári	Skýrsla	95%	95%	95%	95%	95%

SJÁLFSMAT OG INNRA EFTIRLIT

VOTTAD GÆÐAKERFI

Tækniskólinn starfar eftir vottuðu gæðakerfi samkvæmt ISO 9001:2015, vottað af Vottun hf. sem framkvæmir reglulega úttekt á kerfinu. Einnig er kerfið reglulega tekið út af óháðum úttektaraðila að kröfu International Maritime Organization. Skólinn vinnur sjálfur stöðugt að umbótum gæðakerfisins m.a. með innri úttektum, rýni ferla, rýni atvika, meðhöndlun ábendinga og forvarna- og úrbótaverkefnum. Gæðakerfi skólans er ætlað að tryggja að skólinn uppfylli þarfir og væntingar nemenda, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila skólans. Gæðahandbók skólans heldur utan um stefnuskjöl og verklagsreglur sem ná yfir alla starfsemi skólans með tilheyrandi vinnulýsingum, gátlistum, eyðublöðum og leiðbeiningum. Gæðahandbókin er aðgengileg öllum starfsmönnum skólans. Gæðaskjölin eru einnig gerð aðgengileg öllum á vefsíðu skólans www.tskoli.is

Tækniskólinn er jafnlaunavottaður vinnustaður samkvæmt ÍST85:2012 staðlinum.

ÖRYGGIS- OG HEILBRIGÐISMÁL

Stefna Tækniskólans er að tryggja öllum nemendum og starfsmönnum öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi. Markmið skólans er að vera slysalaus vinnustaður og stuðla að aukinni öryggisvitund. Til að ná þeim markmiðum er stöðugt unnið að öryggis- og heilbrigðismálum í skólanum og við skólann starfar öryggisnefnd.

Eldvarnareftirlitið og Heilbrigðiseftirlitið taka reglulega út allar byggingar skólans svo og gerir skólinn sjálfur reglulega eldvarna- og öryggisúttektir ásamt því að skrá og meðhöndla öll atvik sem verða í skólanum. Frávikum er beint í forvarna- og úrbótaverkefni innan skólans.



Stöðugt er unnið að eflingu öryggisvitundar með fræðslu, auknum kröfum til öryggisbúnaðar og strangari reglum.

Heilbrigðismál eru einnig skólanum hugleikin og vinnur skólinn stöðugt að umbótum er varða heilbrigðis- og vinnuumhverfismál s.s. loftgæði, hljóðvist og vinnuaðstöðu starfsmanna og nemenda.

Tækniskólinn er aðili að verkefnum Heilsueflandi framhaldsskóli sem nálgast heilsueflingu og forvarnir út frá viðtæku og jákvæðu sjónarhorni með það að markmiði að stuðla að vellíðan og auknum árangri allra í skólasamfélaginu.

VINNUSTAÐAGREINING

Tækniskólinn hefur sett sér það markmið að mæla viðhorf starfsmanna til vinnustaðarins með reglulegum könnunum. Nýjustu viðhorfsskannanir hafa verið gerðar í samvinnu við sérfræðinga hjá Market and media research (MMR).

Í nóvember 2021 var gerð viðhorfsskönnun meðal starfsmanna skólans. Svarhlutfall var gott eða 88%. Niðurstöður könnunarinnar hafa verið rýndar og hafin er markviss úrbótavinna með þá



þætti sem mældust undir væntingum. Niðurstöður vinnustaðagreininganna eru aðgengilegar á vefsíðu skólans www.tskoli.is

KENNSLUMAT OG VIÐHORFSKÖNNUN

Skólinn gerir kennslumat með því að leggja fyrir nemendur spurningar er varða nám og kennslu annarinnar. Valkostir eru einkunnir frá 1 til 5 og er það markmið skólans að einkunnir fari ekki niður fyrir 4.0. Niðurstöður matsins eru nýttar af stjórnendum og kennurum sem veginir í kennsluskipulagi. Niðurstöður eru birtar á vefsíðu skólans.

Viðhorfsskönnun var gerð meðal nemenda um líðan og viðhorf þeirra til spanakerfis sem skólinn tók upp á vorönn 2020.



STJÓRN OG STJÓRNENDUR

EIGENDUR OG STJÓRN

Tækniskólinn er einkarekinn skóli og er rekstrarfélagið í eigu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtaka iðnaðarins, Samorku og Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík. Stjórn skólans er skipuð fulltrúum eigenda af eftirtöldum aðilum:

AÐALMENN Í STJÓRN:		
Arna Arnarsdóttir	SI	
Ágúst Þór Pétursson	SI	
Egill Jónsson	SI	stjórnarformaður
Einar Sigurðsson	SFS	
Hrefna Karlsdóttir	SFS	
Jóhanna Stefnisdóttir	IMFR	
Páll Erland	Samorka	



STJÓRNENDUR

Stjórnendur skólans eru eftirfarandi:

STJÓRNENDUR	
Hildur Ingvarsdóttir	skólameistari
Guðrún Randalín Lárusdóttir	aðstoðarskólameistari
Björg Jónsdóttir	rekstrar- og fjármálastjóri
Anna Jónsdóttir	mannauðsstjóri
Gunnhild Hatlemark Öyahals	gæða- og skjalastjóri
Ingibjörg Rögnvaldsdóttir	deildarstjóri upplýsinga- og alþjóðadeildar
Ólafur Sveinn Jóhannesson	deildarstjóri markaðs- og kynningardeildar
Ómar Aage Tryggvason	deildarstjóri tölvu- og tæknideilda
Örvar Geir Örvarsson	deildarstjóri fasteigna
Gunnar Kjartansson	skólastjóri Byggingatækniskólans
Helgi Pálsson/ Valdemar G. Valdemarsson	skólastjóri Raftækniskólans (Valdemar fór í ársleyfi haustið 2021)
Jóna Dís Bragadóttir	skólastjóri Tæknimenntaskólans
Kristín Þóra Kristjánsdóttir	skólastjóri Upplýsingatækniskólans
Ragnhildur Guðjónsdóttir	skólastjóri Endurmenntunarskólans og Tækniakademíunnar
Sandra Borg Gunnarsdóttir	skólastjóri Hönnunar- og handverksskólans
Víglundur Laxdal Sverrisson/ Jón Hjalti Ásmundsson	skólastjóri Skipstjórnarskólans og Vélækniskólans (Víglundur tók við í desember 2021)

SKÓLAR TÆKNISKÓLANS

TÆKNISKÓLINN

Tækniskólinn er einkarekinn skóli, rekstrarfélag, með þjónustusamning við Mennta- og menningarmálaráðuneytið um rekstur framhaldsskóla. Rekstrarfélagið er í eigu aðila atvinnulífsins, Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtaka iðnaðarins, Samorku og Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík. Markmið eigenda rekstrarfélagsins er að skólinn skili færum starfsmönnum út í atvinnulífið. Í þjónustusamningnum eru ákvæði um að rekstrarfélag skólans geti ekki tekið arð úr rekstrinum og allur ábati skili sér til baka í skólustarfið. Í samþykktum Tækniskólans er jafnframt kveðið á um að arður sé ekki greiddur til hluthafa og hagnaði skuli eingöngu ráðstafað til eflingar starfseminnar.

Skólinn er stærsti framhaldsskóli landsins og var stofnaður árið 2008 þegar Iðnskólinn í Reykjavík og Fjöltækniskólinn sameinuðust. Iðnskólinn í Hafnarfirði varð svo hluti af Tækniskólanum haustið 2015.

Tækniskólanum er skipt upp í fjölda faggreinaskóla. Skólastjórar einstakra skóla Tækniskólans annast faglega ábyrgð og stjórnun á námi við Tækniskólann. Þeir taka einnig virkan þátt í daglegri stjórnun Tækniskólans og sitja vikulega fundi með rekstrarráði skólans.

Tengsl við atvinnulífið

Kennarar faggreina skólans hafa breiða fagþekkingu, eru stoltir af sínum iðngreinum og bera hag þeirra fyrir brjósti með því að leggja sitt af mörkum til að byggja brú milli skóla og atvinnulífs. Reglulega koma t.d. kennarar úr atvinnulífinu í heimsókn í skólann með innlegg og fyrirlestra og sömuleiðis hafa nemendur unnið verkefni í tengslum við atvinnulífið. Kennslan og starfið í



skólanum hefur notið velvildar fyrirtækja og er alltaf vel tekið á móti nemendahópum sem fara í tugi heimsókna á hverju ári í ýmis fyrirtæki sem kemur á góðu sambandi við atvinnulífið og hefur sú tenging heldur verið að aukast. Stórar gjafir hafa verið færðar skólunum frá ýmsum fyrirtækjum í gegnum tíðina. Gjafir sem koma sér vel í kennslu og styðja við námið og auka tengsl við nýjustu tækni og þróun í faggreinunum.

Kjarnaskóli

Tækniskólinn er kjarnaskóli í skipstjórnar- og vélstjórnargreinum og hefur lagt sig fram um að rækja það hlutverk af alúð og samviskusemi. Helstu verkefni Skipstjórnar- og Vélstjórnarskólanna sem kjarnaskóla á undanförunum árum hafa verið margvísleg og tengst fjölbreyttum verkefnum. Meginverkefnin hafa annars vegar verið samstarf og ráðgjöf til innlendra skóla og hins vegar samstarf við stjórnvöld um réttindamál og þróun náms. Námið við þessa skóla er viðurkennt af IMO, Alþjóða siglingamálastofnuninni, og gefa hérland samgönguyfirvöld út alþjóðlega viðurkennt skírteini eftir námið.

Námskeið

Endurmenntunarskólinn hefur sérstöðu meðal undirskóla Tækniskólans en hlutverk hans er

m.a. að efla og auka framboð í endur- og símenntun með þarfir atvinnulífsins að leiðarljósi. Haldinn er fjöldi námskeiða á hverju ári, jafnt starfstengd réttindanámskeið sem og tómstundanámskeið og einnig sérhæfð námskeið fyrir starfsfólk ólíkra atvinnugreina til sjós og lands sem og undirbúningsnámskeið fyrir sveinspróf. Endurmenntunarskólinn hefur notið góðs af opnun framtíðarstofunnar 42 og má segja að mörg ný námskeið hafi sprottið fram í tengslum við aðstöðuna þar og þá grósku sem hefur átt sér stað frá opnun 42.

Spannakerfi

Á vorönn 2021 tók hefðbundið annarfyrirkomulag í Tækniskólanum breytingum og var hefðbundinni önn skipt upp í tvær spannar, spönn 1 og 2 í stundatöflu, eða svokallað spannakerfi. Þetta þýðir að nemendur eru í færri áföngum á hverri spönn eða 2–3 áföngum. Áfangi er kenndur oftast í viku en áður eða 8 tíma á viku í stað fjögurra.

Spannakerfið hefur heilt yfir gengið vel en skólinn mun leggja mat á árangurinn á víðtækan hátt á vorönn 2022, m.a. með könnunum meðal nemenda, forráðamanna og starfsfólks og skoðun á námsárangri.

Nánari skýringar á spönnum má finna inn á vefsíðu skólans: www.tskoli.is

Af nýbyggingarmálum

Áfram hefur verið unnið að undirbúningi nýbyggingar Tækniskólans en árið 2017 ákvað stjórn Tækniskólans að hefja athugun á því hvort mögulegt væri að koma allri starfsemi Tækniskólans undir eitt þak í nýrri skólabyggingu. Hönnun skólans byggir á hugmyndum um nýjan tækniskóla þar sem eins konar breiðstræti tengir saman þjónustu og samkomu- og vinnusvæði, þannig að leiðir verði greiðar milli mismunandi hluta



skólans og jafnframt aðgengi við nærsamfélagið. Með nýjum skóla verður hægt að taka á móti fleiri nemendum og bjóða þeim og starfsfólki fyrsta flokks aðstöðu og aðbúnað. Þá verður hægt að mæta ungum nemendum sem eru að koma beint úr grunnskóla mun betur, ekki síst með tilliti til félagslífs og skólasamfélags. Þá er lögð rík áhersla á að skapa framúrskarandi umhverfi til nýsköpunar og þróunar í samvinnu við nærsamfélagið.

Þann 7. júlí 2021 undirrituðu Lilja D. Alfreðsdóttir menntamálaráðherra, Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra, Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjórinn í Hafnarfirði og Egill Jónsson formaður stjórnar Tækniskólans viljayfirlýsingu um fyrirhugaða nýbyggingu Tækniskólans sem staðsett verði við Suðurhöfnina (Flensborgarhöfn) í Hafnarfirði.

Í viljayfirlýsingunni sammælast þau um að skipa fulltrúa í verkefnastjórn, rýna fyrirbyggjandi þarfagreiningar og tillögur um fyrirkomulag eignarhalds og fjármögnun verkefnisins. Þá staðfestir Hafnarfjarðarbær vilja bæjaryfirvalda til að leggja fram stofnfjárframlag frá bænum í formi lóðar án kvaða og gjalda, ásamt beinu fjárframlagi samkvæmt nánara samkomulagi þar um.

Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar frá í nóvember 2021 segir:

„Byggðar verða nýjar höfuðstöðvar fyrir Tækniskólann í Hafnarfirði og unnið að eflingu iðn- og verknáms um land allt.“

Vonast er til að með ofangreindri viljayfirlýsingu og tilvísun í stjórnarsáttmálann sé komin fram vilji til að leysa húsnæðismál Tækniskólans farsællega.

Það er mat stjórnenda Tækniskólans að nýbygging skólans og hugmyndafræðin að baki grunnhönnun hennar muni stórefla starfs- og tæknináms í landinu.

Skólar Tækniskólans

Tækniskólinn hefur sameiginlega yfirstjórn en kennslan skiptist milli átta undirskóla sem hafa faglegt sjálfstæði. Það eru Byggingatækniskólinn, Hönnunar- og handverkskólinn, Raftækniskólinn, Skipstjórnarskólinn, Tækniakadímía, Tæknimenntaskólinn, Upplýsingatækniskólinn og Véltækniskólinn. Skóla-meistari stýrir Tækniskólanum en skólastjóri er yfir hverjum undirskólanna.

TÆKNISKÓLINN



Húsasmíði
Húsgagnasmíði
Húsgagnabólstrun
Tækniteiknun

Pípulagnir
Málaraiðn
Múraraiðn
Veggfóðrun & dúklögn



Gull- & silfursmíði
Hársnyrtiiðn
Hönnunar-
& nýsköpunarbraut

Fatataækni
Kjólasaumur
Klæðskurður



Rafvirkjun
Rafeindavirkjun
Rafveituvirkjun

Rafvélavirkjun
Hljóðtækni
Kvikmyndatækni



Skipstjórn



Náttúrufræðiþraut
Starfsþraut
Starf

Íslenskuþraut
K2: Tækni- og vísindaleið
Almennar greinar



Bókband
Prentiðn
Grafísk miðlun

Ljósmyndun
Tölvubraut
Grunnnám upplýsinga-
& fjölmiðlagreina



Flugvirkjun
Jarðvirkjun
Vélvirkjun

Vélstjórn
Rennismíði
Stálsmíði



Vefþróun
Stafræn hönnun

Meistaraskólinn
Endurmenntunarskólinn



BYGGINGA- TÆKNISKÓLINN

Skólastjóri Byggingatækniskólans er Gunnar Kjartansson – hann hefur verið skólastjóri við skólann frá árinu 2015 – fyrir þann tíma var Gunnar kennari í tækniteiknun og sinnti starfi gæðastjóra. Höfundar skýrslunnar ræddu við Gunnar um stöðuna í Byggingatækniskólanum

Mannauður

Litlar breytingar voru í starfsmannamálum Byggingatækniskólans árið 2021. Að sögn Gunnars hefur starfsmannaveltan verið lítil svona almennt og sem dæmi eru tveir elstu kennarar Tækniskólans starfandi í Byggingatækniskólanum.

Gunnar bendir á þá áskorun sem kennarar í Byggingatækniskólanum hafa staðið frammi fyrir síðustu árin. Aðsókn í Byggingatækniskólann hefur verið sú allra mesta samanborið við aðra undirskóla Tækniskólans og árið 2021 var engin undantekning í þeim efnum. Þessi mikla fjölgun nemenda hefur fyrst og fremst verið ungt fólk beint úr grunnskóla – eitthvað sem kennarar í Byggingatækniskólanum eru síður vanir. Aldurs-samsetningin hefur einnig mótandi áhrif á tiltekna greinar innan skólans, Gunnar tekur nám í húsgagnasmíði sem dæmi og tekur Gunnar nám í húsgagnasmíði sem dæmi.

„Það er eitt með aldur og tölur og svo annað hvernig það raungerist. Það er ólíklegra að nítján ára nemandi eða yngri velji húsgagnasmíði, af því hann veit ekki hvað það er...og velur því frekar húsgagnasmíði.“

Gunnar segir að sá hópur sem áður fyllti kennslustofur í húsgagnasmíði, fari nú ört minnkandi, í ljósi þess að eldri nemendur komast síður að í dag.

Námið

Líkt og kemur fram hér að ofan, þá hefur verið mikil fjölgun í helstu deildum Byggingatækniskólans,

deildum sem hafa staðið í stað marga áratugi þar á undan. Sem dæmi eru fleiri nemendur en nokkru sinni fyrr í pípulögnum, veggfóðrun- og dúkalögn, múraraíðn og málaraiðn.

Gunnar segir að málaradeildin hafi sótt mikið fram árið 2021 og sem dæmi var svokallaður landsbyggðarhópur í námi við deildina þar sem kennsla byggir á verkefnastýrðu námi. Nemendur læra í gegnum TEAMS og eiga að vinna verkefni í samstarfi við sína iðnmeistara. Svo mæta nemendur í vinnulotur yfir önnina.

„Hugmyndin er sú að tengja þetta við heimaskólana, eins og ef þú átt eftir grunnteikningu, þá er betra að taka það þar en að vera að taka það í gegnum kvöldskóla eða fjarnám hér. Frekar að taka bara þá áfanga/verkefni sem þeir geta bara tekið hjá okkur“

Þess ber einnig að geta að það hafa aldrei verið fleiri konur að læra málaraiðn eins og nú. Kannski hefur það eitthvað að gera með þá staðreynd að við erum með kvenkyns kennara við deildina í fyrsta sinn.

Í lok umræðunnar um námið í Byggingatækniskólanum nefnir Gunnar húsgagnabólstrun. Árið 2021 útskrifaði Tækniskólinn þrjá nemendur í náminu, í samstarfi við tækniskólann Skive í Danmörku og Meistarafélag húsgagnabólstrara hér heima.

Tengsl við atvinnulífið

Heimsóknir í fyrirtæki voru í lágmarki, árið 2021, af skiljanlegum ástæðum. En nemendur í múraraíðn fengu þó að koma í heimsókn á verkstað, þar sem unnið er að endurbótum á gamla Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg. Líkt og fyrri ár voru fyrirtæki dugleg að styrkja Byggingatækniskólann. Sem dæmi fékk pípulagningadeildin góðar gjafir frá Vatnsvirkjanum og BYKO og Redder hafa staðið við bakið á húsgagnasmíðadeildinni.

HÖNNUNAR- OG HANDVERKSSKÓLINN



Skólastjóri Hönnunar- og handverksskólans er Sandra Borg Gunnarsdóttir. Sandra hefur verið skólastjóri við skólann frá haustmánuðum árið 2020. Höfundar skýrslunnar ræddu við Söndru um starfsárið 2021 hjá Hönnunar- og handverksskólanum.

Mannauður

Haustið 2021 urðu nokkrar breytingar á starfmannahaldi, tveir nýir kennarar hófu störf á hönnunar- og nýsköpunarbraut, einn kennari var ráðinn inn fyrir annan sem var að hætta á hársnyrtibraut og tveir kennarar voru ráðnir inn í gull- og silfursmíði á meðan einn kennari af sömu braut fór í námsleyfi. Að sögn Söndru er starfsmannavelta lítil í Hönnunar- og handverksskólanum og má rekja flestar mannabreytingar til þátta eins og námsleyfa og fjölgunar í nemendahópum.

Námið

Sandra segir nýtt spannakerfi, sem hefur m.a. verið innleitt að hluta í Hönnunar- og handverksskólanum, virki að sumu leyti vel og kennarar séu almennt jákvæðir í garð þess. Vandi kerfisins endurspeglast fyrst og fremst í þeirri staðreynd að verið sé að nota spannakerfi fyrir suma áfanga og annarkerfi fyrir aðra áfanga.

„Almennt yfir það heila eru kennarar jákvæðir, en það eru árekstrar sem eru að trufla, við fög sem eru á önn og fög sem eru á spönn. Þannig að ég held að skólinn þurfi að vera annaðhvort eða.“

Þess ber þó að geta að nýtt spannakerfi snertir iðnnámsbrautir Hönnunar- og handverksskólans lítið sem ekkert, þar sem þær brautir byggi sitt skipulag nú þegar á verkefnastýrðu námi, segir

Sandra. Það er fyrst og fremst hönnunar- og nýsköpunarbraut sem notast við nýtt skipulag spanna.

Námsskrá fyrir hönnunar- og nýsköpunarbraut var breytt til muna árið 2021 og fólst sú breyting m.a. í því að gefa nemendum kost á fleiri valgreinum.

Tengsl við atvinnulífið

Sandra tekur fram að tengsl við atvinnulífið byggi mikið til á frumkvæði kennara og það mætti veita kennurum betri stuðning við þessi tengsl. Sem dæmi má nefna að það gæti verið góð hugmynd að gefa fyrirlesurum einhverskonar gjöf, gjafabréf eða eitthvað slíkt í þakklætisskyni að mati Söndru, sem að væri þá samræmt á milli deilda.

Sú námsbraut sem hefur byggt upp sterkustu tengsl við atvinnulífið, að sögn Söndru, er hársnyrtibraut skólans og má sjálfsagt rekja það til skipulags námsins.

„Frá því á þriðju önn fara þau [nemendurnir] einu sinni í viku í vinnustaðarnám á stofur, sem er náttúrulega frábært, og þar eru þau líka að skapa tengsl sjálf. Þau fara t.d. ekki alltaf á sömu stofuna og mörg komast á samning í kjölfarið.“

Kennarar á fataiðnbraut hafa verið duglegir að fá fyrirlesara frá fyrirtækjum til þess að koma í heimsókn með kynningar og einnig hafa nemendur átt kost á því að fara í heimsóknir, sem datt reyndar mikið niður í kringum COVID-19, segir Sandra.

Nemendur í gull- og silfursmíði tóku þátt í Hönnunarmars og settu upp glæsilega sýningu á Listasafni Íslands.



RAFTÆKNISKÓLINN

Helgi Pálsson er skólastjóri Raftækniskólans, en Valdemar fór í námsleyfi haustið 2021 og Helgi tók við starfi skólastjóra á sama tíma. Helgi var þó byrjaður í læri hjá Valdemar í apríl mánuði 2021. Höfundar skýrslunnar tóku Helga tali og ræddu stöðu mála í Raftækni-skólanum.

Mannauður

Harla litlar breytingar voru á starfsmannamálum Raftækniskólans árið 2021, að sögn Helga, fyrir utan skólastjóra skipti og einn starfsmann sem hætti vegna aldurs. Það sama gildir í þessum undirskóla og öðrum slíkum í Tækniskólanum – starfsmannavelta er lítil.

„Ég myndi segja að starfsmannaveltan sé almennt lítil og menn eru ekkert að hætta nema vegna aldurs og svo er skólinn bara að stækka og þá í framhaldi vantar fleiri kennara“

Helgi nefnir að mórallinn í Raftækniskólanum sé alveg ágætur og þrátt fyrir COVID-19 hafi starfsfólki m.a. tekist að fara í stóra námsferð til Tékklands. En sú ferð var samstarfsverkefni Raftækniskólans og stúdentsbrautarinnar K2.

Námið

Námið í Raftækniskólanum fer að mestu leiti fram í húsnæði Tækniskólans á Skólavörðuholti, en grunndeild rafiðna er einnig kennd í Tækniskólanum Hafnarfirði. Gríðarlega mikil aukning hefur verið á umsóknum í Raftækni-

skólann síðustu ár og sem dæmi hafa aldrei fleiri nemendur verið skráðir til náms í dag-skóla og dreifnám. Námið í dreifnámshluta Raftækniskólans er verkefnastýrt og reynt er að stilla skipulag námsins þannig að nemendur hafi kost á að sinna vinna samhliða náminu.

Tengsl við atvinnulífið

Nýtt fagráð Raftækniskólans var stofnað árið 2021 og sitja þar iðnmeistarar á vegum nokkurra fyrirtækja í atvinnulífinu. Fagráðið hefur sýnt áhuga á að virka sem tengill á milli skóla og atvinnulífs. Þetta eru jákvæð teikn og gott fyrir skólann, segir Helgi, sem bindur vonir við að nýtt fagráð komi m.a. til aðstoðar við kaup á nýjum tækjabúnaði fyrir Raftækni-skólann.

Fyrirtæki sem þurfa á menntuðum rafveituvirkjum að halda hafa sýnt frumkvæði til nánara samstarfs við skólann þegar kemur að námi í rafveituvirkjun.

„Til dæmis hafa þeir í RARIK haft samband og vilja fá senda nemendur í þjálfun eða fá senda kennara austur á land til að kenna rafveituvirkjun.“

Fyrirtækið Veitur hefur einnig sýnt þessum málaflokki mikinn áhuga og sem dæmi hefur fyrirtækið sett upp fyrirmyndaraðstöðu fyrir rafveituvirkja sem eru að vinna þar og nemendur í læri. Það er ljóst að brýn þörf er á fleiri starfsmönnum sem hafa þessa sérfræðipækkingu.

SKIPSTJÓRNARSKÓLINN OG VÉLTÆKNISKÓLINN



Árið 2021 varð breyting á stjórn Skipstjórnar- og Véltækniskólans þegar Jón Hjalti Ásmundsson lét af störfum. Aðstoðarskólameistari Tækniskólans, Guðrún Randalín Lárusdóttir, sinnti starfi skólastjóra í skólunum tveimur á haustönn 2021, allt þar til Víglundur Laxdal Sverrisson var ráðinn til starfsins í janúar 2022. Víglundur var áður kennari í Véltækniskólanum og er vel kunnugur í báðum skólunum.

Mannauður

Þó nokkur endurnýjun varð í starfsmannahópi Véltækniskólans árið 2021 en við teljum okkur vera komin með sterkan og samheldinn hóp til að byggja á til framtíðar, segir Víglundur. Kennarahópur Skipstjórnarskólans er mun minni en í Véltækniskólanum. Þar eru kennarar með mikla starfsreynslu og lítið hefur verið um mannbreytingar síðast liðin ár að sögn Víglundar.

Námið

Árið 2021 lauk vinnu við að setja á laggirnar nýja námsbraut í jarðvirkjun. Námið er unnið í góðu samstarfi við Samtök iðnaðarins og Félag vinnuvélaeigenda. Víglundur segir gleðilegt að sjá þessa nýju námsbraut verða að veruleika. Við kennsluna verður notast við háþróaða kennsluherma sem skólinn fjárfest nýverið

í og verða þeir staðsettir í húsnæði skólans í Hafnarfirði.

Stór þáttur í námsframboði beggja skóla eru svokölluð réttindanámskeið. Reglugerðarbreytingar voru innleiddar árið 2021 og fór mikil vinna í þær skipulagsbreytingar, að sögn Víglundar, en þessi innleiðing var unnin í góðu samstarfi við Endurmenntunarskólann og tókst vel til á fyrstu námskeiðum sem haldin voru 2021.

Tengsl við atvinnulífið

Lítið var um heimsóknir til fyrirtækja árið 2021 vegna COVID-19, en þrátt fyrir það eru tengsl við atvinnulífið sterk, að mati Víglundar. Hann segist finna fyrir miklum vilja frá fyrirtækjum í atvinnulífinu til þess að tengjast skólanum betur og um leið nemendum. Gott dæmi um slíkt er nýtt fyrirkomulag á vinnustaðarnámi í skipstjórnarnáminu.

„Svo erum við auðvitað með þetta nýja Kadetta nám, sem er ekki enn komið í gang, en það eru fjórar útgerðir sem eru búnar að bjóða pláss – auk Eimskips.“

Þessi góðu tengsl komu líka vel í ljós í gegnum vinnu við nýja braut í jarðvirkjun. Við þurfum líka að vera duglegri að sinna þessum tengslum, segir Víglundur, sem er hjartsýnn á gott samstarf við atvinnulífið.



TÆKNIMENNTA- SKÓLINN

Jóna Dís Bragadóttir hefur sinnt starfi skólastjóra Tæknimenntaskólans frá haustmánuðum 2019 – en þar áður var hún kennari á íslenskubraut skólans. Jóna Dís mætti í stutt viðtal og ræddi um stöðu Tæknimenntaskólans árið 2021.

Mannauður

Ef fjöldi kennara í öllum undirskólum Tækniskólans eru bornir saman, þá starfa flestir kennarar innan Tæknimenntaskólans. Jóna Dís tekur fram að Tæknimenntaskólinn búi yfir þeirri sérstöðu að þar eru ekki aðeins starfandi kennarar, þar starfa líka þroskaþjálfar, stuðningsfulltrúar og sérkennarar á ýmsum sviðum. Samkvæmt Jónu Dís er starfsandi í skólanum góður.

Að mati Jónu Dísar er starfsmannavelta í Tæknimenntaskólanum ekki mikil, en fjölgun kennara hefur þó verið talsverð á síðustu árum, vegna aukinnar aðsóknar í skólann.

Námið

Námið í Tæknimenntaskólanum er mjög fjölbreytt en allir almennir áfangar sem kenndir eru í Tækniskólanum eru kenndir þar. Auk þess eru þar starfsbrautir, íslenskubraut fyrir útlendinga og K2 tækni- og vísindabraut sem er 3 ára stúdentsbraut. Jóna Dís finnur fyrir jákvæðni og bjartsýni á meðal nemenda og kennara í skólanum.

„Mér finnst fólk almennt ánæggt og það sem skiptir mjög miklu máli er að nemendur eru mjög ánægðir.“

Sem dæmi um fjölbreytileika skólans þá eru nemendur á íslenskubraut frá 45 þjóðlöndum. Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar og nýjasta tækni er mikið notuð í kennslu. Nemendur af K2 hafa hlotið fjölmargar viðurkenningar fyrir verkefni sín og einnig hafa þau verið dugleg að taka þátt í hinum ýmsu keppnum og gengið vel.

Tengsl við atvinnulífið

Námsbrautir í Tæknimenntaskólanum eiga annarskonar samstarf við fyrirtæki í atvinnulífinu, samanborið við iðnnámsbrautir, þar sem námið tengist fagsviðum fyrirtækja beint. Jóna Dís segir þó að stúdentsbrautin K2 eigi mjög gott samstarf við valin fyrirtæki og stofnanir um móttöku nemenda og gerð lokaverkefna.

„Öll lokaverkefni á K2 tengjast samstarfi við fyrirtæki í atvinnulífinu. Þau fá t.d. að fara í heimsóknir og fyrirtæki setja upp verkefni með kennaranum og svo vinna þau hópaverkefni í kringum það.“

Íslenskubraut skólans hefur notið mikillar velvildar hjá nokkrum fyrirtækjum sem hafa meðal annars boðið nemendahópum á brautinni í skoðunarferðir og heimsóknir. Starfsbraut skólans hefur líka átt í góðu samstarfi við atvinnulífið, en nemendur af brautinni fara bæði í heimsóknir og starfsnám og stundum fá nemendur vinnu hjá viðkomandi fyrirtæki.

UPPLÝSINGA- TÆKNISKÓLINN



Kristín Þóra Kristjánsdóttir, skólastjóri Upplýsingatækniskólans, hefur verið skólastjóri við skólann síðan 2018 – en áður sinnti hún starfi kennara í ljósmyndun. Kristín Þóra fór yfir stöðuna í Upplýsingatækniskólanum.

Mannauður

Tveir kennarar í prentun og bókbandi létu af störfum vorið 2021, vegna aldurs, en við þá breytingu tóku tveir nýir starfsmenn til starfa í viðkomandi greinum. Einnig var gengið frá ráðningu kennara í grafískri miðlun eftir að kennari í sömu deild fór í ársleyfi.

Starfsmannaandinn í Upplýsingatækniskólanum er virkilega góður, samkvæmt Kristínu, og kemur það m.a. skýrt fram í starfsþróunarviðtölum.

„Það var ein sem var að segja, að hún hafi lent í einhverju úrtaki og var spurð hver væri besti vinnustaður á Íslandi og hún svaraði Tækniskólinn. Sem var ótrúlega gaman að heyra.“

Það er almennt lítil starfsmannavelta í Upplýsingatækniskólanum að mati Kristínar og helsta ástæða þess að kennarar láta af störfum er vegna aldurs.

Námið

Kristín segir að sérsviðin grafísk miðlun, prentun, bókbandi og ljósmyndun séu og hafi verið verkefnastýrðar námsbrautir um þó nokkurn tíma og þar af leiðandi var ekki gerð breyting á kennslufyrirkomulagi brautanna varðandi spannakerfi.

Vinna við nýja námsbraut í ljósmyndadeild skólans

kláraðist árið 2021 og hófst innritun á brautina í janúar 2022. Ákveðið var að breyta áherslum á brautinni, eftir að Upplýsingatækniskólinn flutti úr Vörðuskóla, en nú hafa kennarar ekki aðgang að myrkvaerbergi. Nýja brautin tekur meira mið af starfrænni myndatöku og færir námið nær atvinnulífinu – að mati Kristínar.

Tengsl við atvinnulífið

Líkt og flest allir undirskólar Tækniskólans hefur Upplýsingatækniskólinn þurft að draga verulega úr öllum heimsóknum – árið 2021 – vegna áhrifa COVID-19. Þetta hefur sérstaklega haft áhrif á þær greinar þar sem nemendur hafa fengið tækifæri til að heimsækja fyrirtæki þar sem þeir geta skoðað vélar og tæki sem Tækniskólinn hefur ekki lengur aðgang að.

„Við skildum náttúrulega eftir prentvélar í Vörðuskóla, þannig að þetta er miklu minna svona hands on fyrir nemendur.“

Kristín telur að nemendur í grunnnámi upplýsinga- og fjölmiðlagreina, sem ekki fá tækifæri til að heimsækja fyrirtæki eins og prentsmiðjur, séu ólíklegri til að sækja um nám í prentun og það er orðið vandamál í atvinnulífinu, segir Kristín.

Námsbrautirnar bókbandi og prentun eru sér á báti þegar kemur að samstarfi við atvinnulífið, en stór hluti af faggreinum þeirra brauta, er kenndur á verkstað – í samstarfi við fyrirtæki í greininni.

Nemendur af Tölvubraut vinna reglulega til verðlauna í Forritunarkeppni framhaldsskólanna og Netöryggiskeppni Íslands og varð þar engin breyting á árinu.



TÆKNI- AKADEMÍAN

Tækniakademían samanstendur af námsbrautum á fjórða hæfniprepi. Þar undir er allt iðnmeistaránám og námsbrautirnar stafræn hönnun og vefþróun. Ragnildur Guðjónsdóttir hefur verið skólastjóri Tækniakademiunnar frá árinu 2015. Höfundar skýrslunnar ræddu við Ragnildi um almanaksárið 2021 í Tækniakademíunni.

Mannauður

Kennsla við Meistaraskólann fer öll fram í dreifnámi og fagfólk úr atvinnulífinu kemur að kennslunni. Að sögn Ragnildar er starfsmannavelta lítil í Tækniakademíunni.

Starfsmannabreytingar urðu við nám í vefþróun en þar eru aðeins starfandi tveir kennarar í bland við gestafyrirlesara úr atvinnulífinu. Annar af þessum kennurum hætti störfum, hinn kennarinn fór í nám erlendis – en sinnti þó kennslu samhliða námi sínu í Finnlandi.

Námið

Ragnildur segir að iðnmeistaránámið verði vinsælla með hverju árinu og aðsókn í Meistaraskólann hafi aldrei verið meiri. Þessi mikla aðsókn skýrist að einhverju leiti af kröfum atvinnulífsins að sögn Ragnildar þ.e.a.s. í meiri kröfum þegar kemur að útboðum og fagþekkingu. Líkt og kemur fram hér að ofan þá er nám í Meistaraskólanum skipulagt í dreifnámi.

Aftur á móti er skipulag náms í vefþróun og stafrænni hönnun byggt upp á lotukennslu og verkefnastýrðu námi. En nám í vefþróun og stafrænni hönnun er í stöðugri þróun enda mikið um nýjungar og ör þróun.

Árið 2021 er fyrsta árið sem kennt var eftir breyttu námsfyrirkomulagi í vefþróun. Sú breyting var

gerð á náminu að nú er tímalengd þess þrjár annir en áður var námið skipulagt á fjórum önnum. Ragnildur nefnir að kennsla námsins hafi einnig verið færð yfir í dreifnám að hluta og einingafjöldi færður úr 120 einingum í 90 einingar. Ástæðan fyrir þessari breytingu var viðbragð skólans við fækkun nemenda og brotthvarfi.

„Eins og þið kannski vitið var minni aðsókn, það voru færri og færri nemendur, þeir voru að detta út. Þetta virtist vera of langt þessi tvö ár og við vorum að útskrifa fámenna hópa.“

Ragnildur segir að of skammur tími sé liðinn svo greina megi einhverjar breytingar á brotthvarfi eða aðsókn í námið.

Tengsl við atvinnulífið

Ragnildur segir nám í vefþróun og stafrænni hönnun vera í ágætum tengslum við fyrirtæki í atvinnulífinu. Það byggir bæði á heimsóknum í tiltekin fyrirtæki, sem þó féll alveg niður árið 2021 vegna COVID-19, en fyrirlesarar hafi haldið áfram að koma. Sem dæmi er algengt að fyrrum nemendur í stafrænni hönnun komi í heimsókn og kynni það sem þau eru að fást við. Sömu leiðis vinna nemendur í vefþróun loka-verkefnið sitt alfarið í tengslum við fyrirtækin en lokaverkefnið tekur alla síðustu önnina sem er sumarönnin.

„Fyrrverandi nemendur hafa verið duglegir að koma inn, sem hafa sérhæft sig í einhverjum ákveðnum hlutum, þeir hafa komið með fyrirlestra.“

Þessi góðu tengsl hafa oftast en ekki reynst okkur vel, segir Ragnildur. Sem dæmi hafa sumir þessara fyrirlesara tekið að sér afleysingakennslu.

BRAUTSKRÁNING

VORÖNN 2021

Glæsilegur hópur útskriftarnemenda mætti til útskriftar í Eldborgarsal Hörpu þann 26. maí. Vegna gildandi sóttvarnartakmarkana var útskrifað í tveimur athöfnum.

Alls voru brautskráðir 477 nemendur af 54 námsbrautum frá eftirfarandi skólum/deildum Tækniskólans:

- » Byggingatækniskólanum
- » Handverksskólanum
- » Raftækniskólanum
- » Skipstjórnarskólanum
- » Tæknimenntaskólanum
- » Upplýsingatækniskólanum
- » Véltækniskólanum
- » Meistaraskólanum

Einnig var útskrifað úr Tækniakadémiunni sem er nám á fagháskólastigi en þar er kennd vefþróun og starfræn hönnun.

Námið hefur gefið okkur verkfæri

Haukur Georgsson, nemandi á K2, flutti ræðu á fyrri athöfninni og kom meðal annars inn á það hvernig námið í skólanum mun nýtast í framtíðinni.



Haukur Georgsson flutti nemendaræðu á athöfninni.

„Námið hér í Tækniskólanum hefur gefið okkur ýmis verkfæri til að nota á næstu námsþrepum og í lífinu. Verkfæri eins og stærðfræði, stýritækni, forritun, steinsteypuvirki og fleira. En eitt verkfæri bætti sér vissulega óvænt í þessa verkfærakistu, fjarfundartækni. Þá tækni kunnum við svo sannarlega að nota eftir námið og mun það ábyggilega koma að gagni.“

Þórdís Alda, nemandi í stafrænni hönnun, flutti ræðu í seinni athöfn útskriftarinnar. Hún talaði um skólstarfið á tímum COVID-19 og hvernig Tækniskólinn stóð undir nafni með því að finna snöggar, tæknilegar lausnir á vandanum. Þórdís kom einnig inn á upplifun sína á skólanum en það sem kom henni mest á óvart var hversu persónulegir kennararnir voru.

Verkefni nemenda sjást víða

Hildur Ingvarsdóttir flutti ávarp þar sem hún fjallaði meðal annars um áhrif heimsfaraldurs á skólaárið og góðan árangur nemenda þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Það má meðal annars sjá ummerki þessa árangurs í námi, félagsstarfi, íþróttum og á sýningum.

„En verkefni nemenda sjást víðar. Þannig er okkur Guðrúnu Randalín aðstoðarskólameistara t.d. sannur heiður að fá í dag að klæðast kjól og dragt sem tveir útskriftarnemendur skólans í kjólasaumi, þær Vigdís Brandsdóttir og Elizabeth Katrín Mason, hönnuðu og saumuðu á okkur. Og eins og það sé ekki nóg þá berum við einnig skart núverandi og fyrrverandi nemenda í gull- og silfursmíði.“

Góður námsárangur

Heiða María Ásgeirsdóttir, nemandi í tækni-teiknun, hlaut verðlaun fyrir bestan heildarárangur í skólanum.

„Námið fannst mér ótrúlega skemmtilegt og krefjandi. Það sem gerði gæfumuninn voru klárlega samnemendur mínir og finnst mér þau eiga skilið stórt hrós fyrir, við erum orðin mjög nán og veit ég að þeim eru allir vegir færir.“

Hafþór Ingi Helgason, sem einnig útskrifast úr tækniteiknun, hlaut verðlaun fyrir næstbestan árangur. Fyrir er hann með sveinspróf í hús-gagnasmíði og stúdentspróf en skráði sig svo í tækniteiknun.

„Ég hafði mjög gaman af þessu námi og lærði heilmikið.“

Mikil aukning nemenda í dúkalögn

Aðsókn í dúkalögn hefur glæðst verulega undanfarin ár og útskrifaðist nú í fyrsta sinn í langan tíma heill hópur úr faginu. Alls voru þetta sjö nemendur og þar af tvær konur fæddar árið 2003.

Andrea Sól Svavarsdóttir er ein þeirra og á hún ekki langt að sækja þekkinguna á faginu.

„Ég hef verið að vinna með pabba og afa í gegnum tíðina og hjálpa þeim. Þeir hafa verið að vinna við þetta alla daga bara síðan ég man eftir mér. Kennarinn er hæfileikaríkur og náði að halda vel utan um þennan stóra hóp. Ég er mjög ánægð að hafa valið iðnnám og spennt fyrir komandi árum.“



Andrea Sól og Ingunn útskrifuðust úr dúkalögn.



Heiða María og Hafþór Ingi ásamt skólameisturum.



Séð yfir Eldborgarsal Hörpu.

Ingunn Björnsdóttir útskrifaðist einnig úr dúkalögn og stefnir hún á að klára námssamninginn og taka síðan sveinsprófið í framhaldi af því.

„Ég byrjaði í grunnnáminu þar sem maður fær að skoða og læra um allar greinar innan byggingardeildarinnar. Mér fannst dúkalögn skemmtilegust og er að mínu mati mjög áhugaverður starfsvettvangur.“

Þetta er í fyrsta sinn sem konur útskrifast úr veggfóðrun- og dúkalögn á Íslandi og fagna kennarar í faginu fjölbreyttari nemendahóp og auknum fjölda nemenda í greininni.

Þrjúburar útskrifast úr vélstjórn

Þrjúburarnir Þórir Örn, Gunnar Már og Guðfinnur Ragnar koma frá Bolungarvík og eru fæddir árið 1998. Þeir útskrifuðust allir úr vélstjórn með D réttindi og í haust stefna þeir á að klára nám í rafvirkjun.

„Þrátt fyrir að hafa allir valið þetta nám er áhugasvið okkar nokkuð fjölbreytt og vélstjórnaréttindin gera okkur kleyft að starfa á ólíkum stöðum á vinnumarkaðinum.“

HAUSTÖNN 2021

Útskrift Tækniskólans á haustönn 2021 fór fram í Eldborgarsal Hörpu sunnudaginn 19. desember. Vegna gildandi sóttvarnartakmarkana var útskrifað í tveimur athöfnum.

Alls voru brautskráðir 322 nemendur frá eftirfarandi skólum/deildum Tækniskólans:

- » Byggingatækniskólanum
- » Handverksskólanum
- » Raftækniskólanum
- » Skipstjórnarskólanum
- » Tæknimenntaskólanum
- » Upplýsingatækniskólanum
- » Vél-tækniskólanum
- » Meistaraskólanum

Einnig var útskrifað úr Tækniakadémíunni sem er nám á fagháskólastigi en þar er kennd vefþróun og starfræn hönnun.

Vissi strax hvert ég stefndi

Birna Magnea, sem flutti nemendaræðu, óskaði nemendum til hamingju með áfangann og þakkaði kennurum og stjórnendum skólans fyrir einstaka þolinmæði á skrytnum tímum. Birna rifjaði einnig upp þegar hún heimsótti Tækniskólann og sá hársnyrtideild skólans í fyrsta sinn.

„Þegar ég var í 10. bekk í Kársnesskóla kom ég á kynningu með bekknum mínum í Tækniskólann og gleymi því aldrei þegar Valdi og Ólafur tóku á móti okkur í stofu 204 og fullt af skrautlegum hausum í skápunum. Ég man svo vel hvað mér fannst allir hressir og kátir og sást langar leiðir hvað öllum fannst gaman og vissi ég strax hvert ég stefndi.“

Brautseigja á tímum faraldurs

Hildur Ingvarsdóttir skólameistari flutti ávarp þar sem hún fjallaði meðal annars um hvernig nám í skipstjórn og aðbúnaður á sjó hefur þróast í gegnum tíðina en í haust voru liðin 130 ár síðan fyrsti forveri Tækniskólans, Stýrimannaskólinn í Reykjavík, tók til starfa.



Birna Magnea, nemandi í hársnyrtið, flutti ræðu.



Bjarni hlaut verðlaun fyrir bestan heildarárangur.

Hildur talaði einnig um að árið hefði verið farsælt hjá Tækniskólanum þrátt fyrir heimsfaraldur.

„Skólastarfið hefur gengið vel og aðsókn í skólann er mikil. Aldrei hafa fleiri nýnemar úr grunnskóla sótt um að komast inn í skólann og komast því miður færri að en vilja. Þá var sérlega ánægjulegt að áform um byggingu glæsilegs og nútímalegs skólahúss þar sem skólinn sameinast á einum stað hafi skilað sér inn í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar.“

Rennismiður með hæstu einkunn

Bjarni Þorleifsson, nemandi í rennismíði, hlaut verðlaun fyrir bestan heildarárangur í skólanum. Bjarni starfaði áður við kennslu en vildi skipta um starfsumhverfi og einhverskonar iðnnám kallaði alltaf á hann.

„Ég íhugaði helstu iðngreinar en hafði aldrei heyrt um rennismíði fyrr en ég hittí félagi

minn sem sagðist starfa við það sem nemi. Ég skoðaði það frekar og fannst það svolítið spennandi þar sem iðngrein og tækni fléttast saman. Ég ákvað að skrá mig í rennismíðina og í versta falli hefði ég skipt um iðngrein ef ég hefði ekki fundið mig þar. Annars líkaði mér námið hjá Tækniskólanum, aðstaðan góð og kennararnir toppmenn.“

Hin 18 ára Princes Elysa Bragita Diana hlaut verðlaun fyrir næstbestan heildarárangur í skólanum. Elysa kom til Íslands frá Indónesíu í desember 2019 og hóf nám á íslenskubraut í Tækniskólanum á vorönn 2020. Samkvæmt henni voru kennararnir mjög hjálpsamir og kveiktu hjá henni áhuga á náminu. Á næstu önn ætlar Elysa á náttúrufræðibraut Tækniskólans og hyggst ljúka stúdentsprófi þaðan. Hún hefur mikinn áhuga á heilbrigðisvísindum og í framtíðinni gæti hún hugsað sér að fara í háskólanám á því sviði.

Virkilega skemmtilegt nám

Aref Qasemi hlaut verðlaun fyrir góða ástundun og þrautseigju í námi. Hann hóf nám á íslenskubraut á vorönn 2017 og er nú að útskrifast af pípulagningabraut, 22 ára gamall. Aref er frá Afganistan og kom hingað til lands árið 2016 eftir að hafa orðið viðskila við fjölskyldu sína í heimalandinu. Hann var í fimm ár á flótta og ferðaðist 6.500 km til þess að komast til Íslands. Eftir komu sína til landsins, lét Aref reyna á fjölskyldusameiningu, sem tókst

og nú er fjölskyldan öll búsett hér á landi. Aref fann sig vel í Tækniskólanum og sagði hann námið á pípulagningabraut hafa verið virkilega skemmtilegt.“ Nú vinnur hann hjá SÍH pípulögnum og seinna meir stefnir hann á meistaranám í sama fagi. Það er skemmtileg staðreynd að bróðir Arefs stundar nú nám við sömu braut.



Princes Elysa hlaut verðlaun fyrir námsárangur.



Aref sýndi góða ástundun og þrautseigju í námi.



Nemendur voru þrúðbúnir og glæsilegir í Eldborgarsal Hörpu.

ÞJÓNUSTA

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

Náms- og starfsráðgjöfin snertir fjölmörg svið skólastarfsins en meginþungi starfsins er ráðgjöf við nemendur skólans, bæði í dagskóla og dreifnámi. Nemendahópurinn er fjölbreyttur og á ýmsum aldri og tekur ráðgjöfin mið af því. Náms- og starfsráðgjafar eru málsvavar nemenda innan skólans og gæta hagsmuna þeirra. Við Tækniskólann starfa fimm náms- og starfsráðgjafar í fullu starfi.

Nýnemar og foreldrasamstarf

Móttaka var fyrir nýnema á haustönn. Nýnemum undir 18 ára aldri var skipt upp í 8 hópa sem dreifðust á þrjú stærstu hús Tækniskólans, á Skólavörðuholti, Háteigsvegi og í Hafnarfirði. Nýnemar fengu kynningu á Innu, TEAMS, félagsstarfi og náms- og starfsráðgjafar kynntu stoðþjónustuna.

Náms- og starfsráðgjafar liðsinntu nýnemum á margvíslegan hátt eins og áður, m.a. með nýnemaviðtölum við drjúgan hluta nemenda yngri en 18 ára og forráðamenn þeirra. Þeir voru áfram í góðu samstarfi við umsjónakennara HVAÐ hópanna um ýmis nemendamál og valviku. Námsráðgjafi í Hafnarfirði fór einnig inn í lífsleikni og nokkra aðra áfanga þar sem talið var þörf á að kynna námsver skólans og aðra stoðþjónustu.



Ávallt var lögð áhersla á að bjóða foreldrum til viðtals og/eða hafa samband í tölvupósti eða síma. Foreldrafundir í upphafi hausts voru með rafrænum hætti.

Drjúgur tími fór í að túlka áhugasviðspróf á árinu. Nemendur yngri en 18 ára eiga kost á því að taka áhugasviðskönnunina Bendil hjá námsráðgjöfum, fá viðtal og túlkun á niðurstöðum.

Kynningarfundir, fræðsla og nefndarstörf

Kórónuveiran hélt áfram að hafa áhrif á skólastarfið en þó í mun minni mæli en árið á undan. Til að mynda var nokkrum viðburðum á vegum skólans aflýst á vormánuðum, m.a. opnu húsi og Skrúfudeginum. Það var því minna um formlegar kynningar en oft áður.

Náms- og starfsráðgjafar sátu ýmsa fundi og málstofur. Þeir fengu kynningu á Specialisterne sem eru samtök sem stuðla að atvinnuþátttöku einstaklinga á einhverfurófi og „Upright“ verkefni landlæknisembættisins sem stuðlar að vellíðan unglunga með því að efla seiglu þeirra og getu til að takast á við áskoranir. Þeir sátu fundi um vinnustaðanám, fóru á málstofu um ungt fólk á vinnumarkaði, „Youth in Transition“ og sátu námskeið í jákvæðri sálfræði og núvitund á vegum Félags náms- og starfsráðgjafa. Dagur náms- og starfsráðgjafar var haldinn hátíðlegur með dagskrá undir heitinu „Sýnileiki, samstaða og stafræn tilvera“. Námsráðgjafar sátu ársfund Skólapúlsins, en Tækniskólinn tekur nú þátt í árlegum könnunum Skólapúlsins á líðan nemenda. Þess má einnig geta að náms- og starfsráðgjafar, ásamt fulltrúum heilsueflandi framhaldsskóla, sátu fund Landlæknisembættisins um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi í framhaldsskólum.

Vegna nýrrar reglugerðar um vinnustaðanám sem tók gildi 1. ágúst 2021 var náms- og

starfsráðgjafi á Skólavörðuholti tengiliður í undirbúningsvinnu við framkvæmd og innleiðingu reglugerðarinnar í skólanum. Ráðgjafi sat kynninga- og upplýsingafundi í öllum undirskólum Tækniskólans á tímabilinu mars til maí. Á haustönn voru haldnir vikulegir samráðsfundir innan skólans og í samstarfi við Verkmenntaskólann á Akureyri. Náms- og starfsráðgjafi á Háteigsvegi kom einnig inn sem tengiliður á samráðsfundum frá og með hausti 2021. Ráðgjafi fór til Akureyrar í byrjun nóvember með hópi frá Tækniskólanum en þar var haldinn samráðsfundur um innleiðingu reglugerðarinnar.

Tekið var á móti nemum frá námsbraut náms- og starfsráðgjafar í starfsþjálfun í eina viku í febrúar og á haustmánuðum var ákveðið að taka við nema í fulla starfsþjálfun á vorönn 2022 og fóru viðtöl við umsækjendur fram í nóvember mánuði.

Námsráðgjafi kynnti framhaldsnám sérstaklega fyrir nemendum á íslenskubrautinni og aðstoðaði þá við að velja sér nám. Þessir nemendahópur þarf oft aðra og umfangsmeiri ráðgjöf en aðrir nemendur eins og gefur að skilja.

Nemendum með íslensku sem annað tungumál hefur fjölgað nokkuð í starfsnámi. Haldið var stöðupróf í íslensku til að nemendur gætu betur áttað sig á kunnáttu sinni og valið áfanga í íslensku (ÍSAN) við hæfi. Einnig var þeim kynnt sú stoðþjónusta sem var í boði með sérstaka áherslu á þjónustu námsvera.

Í upphafi ársins var bætt við valmöguleikum í Innu varðandi kyn. Í kjölfarið var haldinn starfsmannafundur með fræðslu frá Samtökunum 78 um hinseginleikann.

Náms- og starfsráðgjafar fóru á kynningu hjá Stúdíó Sýrlandi sem sér um kennslu í kvikmyndatækni og hljóðtækni fyrir skólann. Ráðgjafi heimsótti nemendur á 1. ári og kynnti þjónustu skólans. Margir nemendur komu í kjölfarið með fyrirspurnir til náms- og starfsráðgjafa um frekara nám.

Að lokum má nefna að líkt og áður sitja náms- og starfsráðgjafar í ýmsum nefndum á vegum skólans s.s. áfallateymi og í teymi um einelti og kynferðislega áreitni. Talsvert var um slík mál á skólaárinu.



Önnur mál

Náms- og starfsráðgjafar ákváðu að taka upp fasta símatíma á árinu. Hver náms- og starfsráðgjafi var með símatíma tvisvar til fjórum sinnum í viku, eina til tvær klukkustundir í senn. Tilgangurinn var bæta þjónustu skólans við umsækjendur sem þurfa ráðgjöf og upplýsingar sem og að auðvelda nemendum skólans að ná í ráðgjafa. Áfram nýttu nemendur sér viðtalsbókunarkerfi í Innu, sem var tekið upp með markvissum hætti í COVID-19 faraldrinum.

Náms- og starfsráðgjafar voru stjórnendum innan handar varðandi innritun nemenda í skólann og þeirra umsækjenda sem fengu ekki skólavist í neinum framhaldsskóla. Ráðgjafi á Háteigsvegi kom að ýmsum verkefnum sem snéru að námsferlum og námsmati í skip- og vélstjórn vegna millibilsástands sem skapaðist við skólastjórabreytingar innanhúss. Að lokum má nefna að í lok hvernar annar taka náms- og starfsráðgjafar ítarleg viðtöl við nemendur (og forráðamenn nemenda undir 18 ára) sem ná ekki lágmarksárangri á önninni og fá boð um áframhaldandi skólavist með ástundunarsamningi. Gengið er frá 70–100 slíkum samningum á hverri önn.

SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTA

Sálfræðiþjónusta hefur nú verið starfrækt við Tækniskólann síðan haustið 2018. Benedikt Bragi Sigurðsson sálfræðingur var ráðinn til starfa hjá Tækniskólanum í 60% stöðu frá 8. ágúst 2018, en í fulla stöðu frá 1. nóvember sama ár. Megin tilgangur sálfræðiþjónustunnar er að bjóða nemendum upp á gjaldfrjálsa sálfræðiþjónustu í nærumhverfi þeirra, þ.e. í skólanum. Auk þess var horft til þess að sálfræðingur gæti

boðið upp á námskeið og fræðslu og að starfsfólk gæti leitað eftir sálfræðiþjónustu ef svigrúm skapaðist til.

Sálfræðiþjónustan er í boði í þremur húsum Tækniskólans, á Skólavörðuholti, við Háteigsveg og í Hafnarfirði. Boðið er upp á tímapantanir í gegnum Innu en þannig geta nemendur pantað sér tíma milliliðalaust og valið þá tíma- setningu sem passar við stundatöflu þeirra. Nemendur hafa tekið vel í þessa þjónustu og nýtt sér hana. Samstarf var haft við Landlæknisembættið og gæða- og skjalastjóra skólans um vinnulag, örugga varðveislu persónu upp lýsinga og fleira.

Á starfsárinu 2021 fór Benedikt í heimsóknir í kennslustundir í lífsleikni, en umræðuefni hverju sinni var ákveðið í samráði við hvern og einn kennara. Benedikt sat í stýrihópi heilsueflandi framhalds skóla, í eineltisráði skólans, heimsótti alla HVAÐ hópa og sat fundi með áfalla ráði. Benedikt sat nokkra fundi um heilsueflandi framhaldsskóla sem haldnir voru á vegum Landlæknisembættis og skilaði skýrslum jafnóðum til rekstrarráðs Tækniskólans. Benedikt er í nánú samstarfi við náms- og starfsráðgjafa Tækniskólans sem og aðra í stoðteymi skólans.

Starfsárið 2021 var með breyttu sniði frá því árin á undan vegna COVID-19 heimsfaraldurs. Vegna samkomutakmarkana og skólalokunar vann Benedikt heiman frá sér hluta úr árinu og bauð upp á fjarviðtöl. Í samræmi við leiðbeiningar Landlæknis var notast við Kara Connect fjarfundabúnað annars vegar og símtöl hins vegar. Þessi háttur var einnig hafður á starfsárið 2020, en nú, árið 2021, virðist nemendum hafa þótt þægilegt og eðlilegt í auknum mæli að taka fjarviðtal. Önnur breyting frá árinu 2020 var sú að nemendur



ræddu í auknum mæli um þau neikvæðu áhrif sem COVID-19 og félagsleg einangrun hefur haft.

FORVARNIR

Markvisst er unnið að forvörnum í skólanum með fræðslu til nemenda m.a. um skaðsemi nikótín notkunar, vímuefna, mikillar tölvuleikjanotkunar, áhrif ofnotkunar samfélagsmiðla og mikilvægi næringar og nægs svefns. Stutt er við forvarnarstarfið með því að bjóða upp á nám í lífsleikni, fræðslu um mataræði og svefn og með því að bjóða upp á hollan og góðan mat í mötuneyti skólans, en skólinn er þátttakandi í samvinnuverkefni Landlæknis „Heilsueflandi framhaldsskóli“. Við skólann starfar forvarnarfulltrúi.

FÉLAGSMÁLAFULLTRÚI

Hlutverk félagsmálafulltrúa er að styðja við og veita Nemendasambandinu og skólafélögnum ráðgjöf. Eins hefur hann það hlutverk að vinna markvisst að eflingu félagslífs innan skólans. Félagsmálafulltrúi er í fullu starfi við skólann.

JAFNRÉTTISMÁL

Við skólann er virk jafnréttisnefnd sem skipuð er fulltrúum starfsmanna, kennara og nemenda. Einnig hefur skólinn lokið vinnu við vottað jafnlaunakerfi og jafnréttisnefnd nemenda stendur fyrir fræðslu og framförum á sviði jafnréttismála.

UPPLÝSINGA- OG ALÞJÓÐAÐEILD

Upplýsinga- og alþjóðadeild Tækniskólans er með þrjár starfstöðvar, á Skólavörðuholti, Háteigsvegi og í Hafnarfirði. Skrifstofa skólans og bókasafn eru á Skólavörðuholti en bókasöfn á Háteigsvegi og í Hafnarfirði. Á Háteigsvegi og í Hafnarfirði er þjónusta skrifstofu veitt á bókasafninu, en á Skólavörðuholti er bókasafn á 5. hæð en skóla- skrifstofa á 1. hæð gegnt aðalinngangi.

Meginhlutverk Upplýsinga- og alþjóðadeildar er að veita nemendum og starfsmönnum Tækniskólans greiðan aðgang að upplýsingum og heimildum vegna náms og kennslu auk þess að sjá um alþjóðamál skólans, sækja um Erasmus+ styrki og hafa umsjón með nýtingu þeirra. Á skólaskrifstofu taka starfsmenn m.a. á móti fyrirspurnum frá nemendum jafnt sem almenningi og veita almennar upplýsingar um nám og kennslu. Á bókasafninu er veitt fjölbætt þjónusta, s.s. aðstoð

við upplýsingaöflun, heimildaleit og kennsla í notkun heimilda, útlán, uppsetningu verkefna og prentun auk persónulegrar aðstoðar við tölvu-notkun. Starfsfólk sér einnig um útgáfu prentkorta til nemenda og starfsfólks. Safnið stendur fyrir kennslu í upplýsingalæsi fyrir fyrsta árs nemendur og starfsfólk kennir jafnframt hvernig fara skal með heimildir í heimildaritgerðum og lokaverkefnum. Vegna COVID-19 var ekki tekið á móti neinum hópum á vorönn og á haustönn voru aðeins tvær heimsóknir í upplýsingalæsi á Skólavörðuholti vegna aðstæðna en fyrirlesturinn var jafnframt tekinn upp og settur á Teams svæði áfangans. Fyrirlesturinn var svo spilaður í tíma fyrir aðra hópa í Lífsleikni á þeirri önn.

Starfsfólk upplýsinga- og alþjóðadeildar hefur umsjón með grunnskólavali, þ.e. að skrá og halda utan um nemendur í 10. bekk grunnskóla sem velja sér áfanga í Tækniskólanum. Vegna COVID-19 var ekki boðið upp á grunnskólaval árið 2021.

Tölulegar upplýsingar

Safnkosturinn er skráður í bókasafnskerfið Gegni auk þess sem safnið nýtir sér landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum gegnum vefinn leitir.is

Skráð eintök í bókasafnskerfið Gegni voru árið 2020 23.251, þar af voru 18.931 eintök bóka. Vegna yfirfærslu í nýtt bókasafnskerfi var ekki hægt að

fá tölulegar upplýsingar fyrir árið 2021. Margir nemendur notfæra sér þjónustu bókasafns, þar er góð aðstaða til hópvinna og mörgum finnst líka gott að sitja þar og spjalla eða bara „hanga“. Vegna faraldurs þurfti að takmarka þann fjölda sem gat verið á safninu í einu en ávallt var þess gætt að fara eftir þeim sóttvarnareglum sem í gildi voru hverju sinni.

Alþjóðamál

Skólinn sótti um styrk til Menntaáætlunar Evrópusambandsins (Erasmus+) til að gera nemendum og starfsmönnum kleift að sækja sér fræðslu og starfsþjálfun í öðrum Evrópulöndum. Jákvætt svar fékkst við umsókninni og fékk skólinn úthlutað 80.654 evrum til fræðsluferða nemenda og starfsmanna. Erasmus+ styrkirnir gera nemendum kleift að stunda nám og starf erlendis frá tveimur vikum upp í tólf mánuði. Starfsmenn njóta einnig góðs af úthlutuninni, sem gerir þeim mögulegt að fara í þriggja til fimm daga heimsóknir til evrópskra skóla og fyrirtækja. Vegna ferðatakmarkana á farsóttartímum hefur styrktímabilið verið framlengt um eitt ár og því munu nemendur og starfsmenn geta nýtt styrkina til lok ársins 2023.

Tækniskólinn er þátttakandi í fimm samstarfsverkefnum með öðrum skólum í Evrópu en þeim verkefnum var öllum skotið á frest og styrkjatímabilið framlengt um eitt ár.



FÉLAGSLÍFIÐ

FÉLAGSLÍFIÐ

Félagslífið í Tækniskólanum er mikilvægur þáttur í skólastarfinu og áhersla er lögð á að markvisst sé unnið að því að bjóða upp á félagslíf sem höfðar til breiðs hóps nemenda og viðburði sem tengjast fjölbreyttum áhugamálum þeirra.

Í hverjum undirskóla eru starfrækt skólafélög sem standa fyrir margvíslegum viðburðum ætluðum nemendum undirskólanna en heildarsamtök félaganna Nemendasambandið (NST) heldur utan um framkvæmd stærri viðburða sem opnir eru öllum nemendum skólans.

Undanfarin ár hefur markvisst verið unnið að því að efla félagslíf skólans. Hefur sú vinna skilað góðum árangri sem hefur sýnt sig m.a. í aukningu á fjölda viðburða, þátttöku nemenda og aukinni virkni skólafélaganna.

Fyrirkomulag og félög

Nemendasamband Tækniskólans heldur utan um framkvæmd stærri viðburða í félagslífi skólans. Auk NST eru níu virk skólafélög:

Skólafélag Tæknimenntaskólans (NTM)

Skólafélag Skipstjórnarskólans
(Nemendafélag Stýrimannaskólans)

Skólafélag Upplýsingatækniskólans
(Eniac)

Skólafélag Handverksskólans

Skólafélag stafrænnar hönnunar

Skólafélag Veltækniskólans

Skólafélag Raftækniskólans (SRS)

Skólafélag Byggingatækniskólans

Skólafélag hljóð- og myndtækninema

Á aðalfundi NST sem haldinn var í nóvember 2021 var tekin ákvörðun um að leggja niður núverandi skólafélög og koma á legg þremur nýjum skólafélögum sem ætlað er að halda úti félagslífi í þremur aðalbyggingum Tækniskólans, það er á Háteigsvegi, í Hafnarfirði og á Skólavörðuholti.

Þessi nýju skólafélög taka til starfa og verða hin formlega lögð niður þegar kemur að stjórnarskiptum í maí 2022.

Stjórn

Miðstjórn Nemendasambands Tækniskólans (NST) skólaárið 2020–2021 skipuðu Hálfván Helgi Matthíasson, formaður, Ólafía Björt Benediktsdóttir, varaformaður, Hrefna Hjörvarsdóttir, ritari, Helena Dís Friðriksdóttir, fulltrúi nemenda í Hafnarfirði og Birta Dís Hilmarsdóttir, fulltrúi nýnema.

Auk miðstjórnar er fjöldinn allur af nefndum innan NST sem sinna verkefnum í þágu nemenda skólans. Starfandi nefndir á árinu voru:

Auglýsinganefnd

Skemmtinefnd

Málfundarnefnd (Gettu betur og Morfis)

Videonefnd (Pulsan)

Jafnréttisnefnd nemenda

Tækninefnd

LAN nefnd (LNT)

Peysunefnd

Leiklistarnefnd (Desdemóna)

Markverðir viðburðir í félagslífinu

Kosningar til stjórnar NST voru haldnar eins og venja er á vormánuðum í gegnum Innu. Þátttaka í kosningunni var ekki eins mikil og undanfarin ár og má rekja fækkun framboða og dræma kjörsókn til deyfðar í félagslífinu í COVID-19 faraldrinum.

Viðburðir voru töluvert færri þetta árið en oftast áður þótt ýmislegt hafi haldið sínum dampi.

Gettu betur lið skólans komst í fyrsta sinn í undanúrslit og þar með í sjónvarpsútsendingu. Morfís lið skólans fór í 16-liða úrslit. Í lok febrúar var söngkeppni skólans haldin og var það Brynja Lísa Þórisdóttir sem bar sigur úr þítum annað árið í röð. Fyrsta ballið í háa herrans tíð var haldið á Spot í Kópavogi í samvinnu við FÁ og FB og var mikil ánægja með viðburðinn. Fyrsta LANið eftir faraldurinn var einnig haldið í matsal Tækniskólans á Skólavörðuholti og mættu um 70 manns á viðburðinn. Tækniskólinn tók þátt í fyrstu Framhaldsskólaleikunum í Rafíþróttum (FRÍS) sem haldnir eru af Rafíþróttasambandi Íslands (RÍSí). Keppt var í þremur leikjum, FIFA, CS:OG og Rocket League. Lið Tækniskólans gerði sér lítið fyrir og sigraði leikana og hefur því titil að verja á komandi keppnisári.

Í kjölfar afléttinga á samkomutakmörkunum tók félagslífið aftur við sér og fóru klúbbar að hittast

á ný, klúbbakvöld ENIAC færðust úr netheimum í raunheima og líf fór að færast aftur í byggingar skólans, bæði innan skólatíma og utan.



Nýnemaferð á Stokkseyri, haustið 2021.



Óvissuferð í Skemmtigarðinn, haustið 2021.



Söngkeppni Tækniskólans 2021. Auður Aþena, Hálfán Helgi og Hrefna skemmta áhorfendum í hléi.

MARKVERÐIR VIÐBURÐIR

Heimsfaraldur setti mark sitt á viðburði ársins en þrátt fyrir það gerðist ýmislegt markvert eins og eftirfarandi dæmi gefa til kynna:

////////// JANÚAR





RAFÍPÞÓTTALIÐ TÆKNISKÓLANS

Tækniskólinn stofnaði nýtt Rafíþóttalið í janúar með það að markmiði að taka þátt í fyrstu Framhaldsskólaleikum Rafíþróttasambands Íslands síðar um árið. Vigfús Karl Steinsson var ráðinn þjálfari liðsins.

////////// FEBRÚAR

UTMESSAN

UTmessan fór fram í febrúar og var hún haldin í rafheimum vegna COVID-19. Tækniskólinn lét útbúa sérstaka lendingarsíðu fyrir gesti UTmessunnar þar sem var m.a. hægt að taka þátt í ratleik, skoða kynningarmyndbönd og fara í heimsókn til nemandi í stafrænni hönnun.




SÖNGKEPPNI TÆKNISKÓLANS

Söngkeppni Tækniskólans fór fram þann 25. febrúar 2021. Brynja Lía Þórisdóttir, nemandi á hársnyrtibraut, bar sigur úr bitum annað árið í röð er hún flutti frumsamda lagið Milkyway.

GETTU BETUR

Lið Tækniskólans tryggði sér sæti í undanúrslitum Gettu betur í fyrsta skiptið í sögunni eftir sannfærandi sigur á Fjölbrautaskólanum í Ármúla í 8 liða úrslitum. Það voru þau Auður Aþena Einarsdóttir, Þorsteinn Magnússon og Emil Uni Elvarsson sem skipuðu lið Tækniskólans.



/////// MARS



SKÓLAHEIMSÓKNIR

Í marsmánuði gafst nemendum í 10. bekk grunnskóla tækifæri á að heimsækja Tækniskólann, fá innsýn í skólastarfið og kynna sér námið. Tekið var á móti fjölda hópa sem sýndu skólanum mikinn áhuga. Í lok mánaðarins þurfti þó að hætta við nokkrar heimsóknir vegna samkomutakmarkana og einnig aflýsa Skrúfudegi og opnu húsi sem átti að vera í Tækniskólanum þann 24. og 26. mars.

/////// APRÍL

FRAMHALDSSKÓLALEIKARNIR Í RAFÍPRÓTTUM

Rafípróttalið Tækniskólans sigraði í fyrstu Framhaldsskóla-leikunum í Rafípróttum er það mætti Menntaskólanum í Hamrahlið í úrslitum þann 15. apríl.

Á leikunum er keppt í þremur leikjum, CS:GO, Rocket League og FIFA21 og sigraði lið Tækniskólans í tveimur viðureignum af þremur.



FORRITUNAR- 20 /KEPPNI / 21 FRAMHALDS- SKÓLANNA

FORRITUNARKEPPNI FRAMHALDSSKÓLANNA

Forritunarkeppni framhaldsskólanna fór fram á rafrænan máta laugardaginn 24. apríl. Tuttugu lið frá Tækniskólanum tóku þátt og hrepptu nokkur þeirra verðlaunasæti í keppinni.

/////// MAÍ



HUGVERKASAMKEPPNI JAKÍ

Jafnréttisnefnd Kennarasambands Íslands stóð fyrir hugverka samkeppni meðal nemenda á öllum skólastigum þar sem markmiðið var að vekja skólasamfélagið til meðvitundar um mikilvægi jafnréttis.

Þau Hálfán Helgi, Egill Andri, Þórdís Matthea og Axel Bjarkar, nemendur á K2, tóku þátt í keppninni með stuttmynd sem ber heitið Regnbogaplágan. Myndin fjallar um stöðu hinsegin fólks í Póllandi og bar sigur úr bitum í flokki framhaldsskóla.

JÚNÍ



SEIGLURNAR Á SIGLINGU

Skólameistari Tækniskólans, Hildur Ingvarsdóttir, slóst í för með hópi kvenna, sem kalla sig Seiglurnar, á siglingu þeirra kringum landið á skútunni Esju.

Skipstjóri skútunnar er Sigríður Ólafsdóttir, kennari í skipstjórnamgreinum við Tækniskólann. Þá er skútan með sinn eigin vélstjóra í fastri áhöfn, hina 17 ára gömlu Töru Ósk Markúsdóttur, sem er nemandi í vélstjórn í Tækniskólanum.

JÚLÍ

VILJAYFIRLÝSING UM FRAMTÍÐARHÚSNÆÐI

Þann 7. júlí undirrituðu fulltrúar Tækniskólans, stjórnvalda og bæjaryfirvalda í Hafnarfirði viljayfirlýsingu um byggingu framtíðarhúsnæðis fyrir Tækniskólann við Suðurhöfnina í Hafnarfirði.

Með nýrri skólabyggingu er ætlunin að sameina alla starfsemi Tækniskólans undir einu þaki, í nútímalegu húsnæði sem uppfyllir þarfir skólans og nemenda hans.



ÁGÚST



NÝNEMAFERÐ

Nýnemaferð Tækniskólans fór fram þann 25. og 26. ágúst. Farið var á Stokkseyri þar sem boðið var upp á kajakferðir, bubblubolta, leikjadagskrá, hópefli og sund. Loks var boðið upp á pizzur á Draugasetrinu.

SEPTEMBER

ÓVISSUFERÐ

Þann 22. september stóð nemendum á öðru ári í Tækniskólanum til boða að fara í óvissuferð sökum þess að þessi hópur missti af nýnemaferð vegna COVID-19.

Haldið var í Skemmtigarðinn þar sem farið var í fótboltagolf, lazertag og fleiri leiki ásamt því að gæða sér á góðum mat.



OKTÓBER

NÝNEMABALL

Nýnemaball Tækniskólans var haldið í samvinnu við nemendafélög Fjölbrautaskólanna í Breiðholti og Ármúla. Ballið fór fram á Spot í Kópavogi þann 14. október og var mikil ánægja með viðburðinn.



LAN TÆKNISKÓLANS

Helgina 22.–24. október fór fram LAN Tækniskólans í matsal skólans á Skólavörðuholti og mættu um 70 manns á viðburðinn.



PAINTBALLMÓT

Miðvikudaginn 27. október fór fram Paintballmót Tækniskólans í Skemmtigarðinum í Grafarvogi. Mótið var vel sótt og skemmtu nemendur sér konunglega.



NÓVEMBER

LEIKLISTARNÁMSKEIÐ DESDEMÓNU

Leikfélag Tækniskólans, Desdemóna, bauð nemendum Tækniskólans á frítt leiklistarnámskeið í nóvember.

Leiðbeinandi var Gunnar Smári Jóhannesson og var stefnan sett á að setja upp leiksýningu á vorönn 2022.

DESDEMÓNA

STEFNUMÓTUNARDAGAR

Haldnir voru stefnumótunardagar í nóvember þar sem fulltrúar nemenda og starfsmanna tóku þátt í að móta nýja stefnu skólans. Farið var yfir hlutverk, stefnu og gildi Tækniskólans.



DESEMBER

SAMSTARF STARFSBRAUT OG FORLAGSINS

Nemendur á þriðja ári á starfsbraut Tækniskólans gerðu afgreiðsluborð fyrir Forlagið og mun það prýða afgreiðsluna í verslun Máls og menningar.

Nemendur endurnýttu gamalt stofuborð til verksins ásamt öðrum afgöngum. Var þetta virkilega ánægjulegt samstarf.



STARFSMENN

STARFSMENN

Í loks ársins 2021 störfuðu hjá Tækniskólanum 274 starfsmenn í 255 stöðugildum, 149 karlar og 125 kona. Þar af voru 16 stjórnendur, 6 í teymi námsráðgjafa og sálfræðings, 196 kennarar, 12 þroskaþjálfar og aðstoðarfólk þeirra, auk 44 annarra starfsmanna.

Valdemar G. Valdemarsson skólastjóri Raftækniskólans fór í námsleyfi um haustið og Helgi Páls-son hefur leyst hann af á meðan.

Í lok ársins 2021 var gengið frá ráðningu Önnu Jónsdóttur sem mannauðsstjóra sem hóf störf í byrjun árs 2022.

Starfsmannafélag og viðburðir

Starfsmannafélag er starfrækt í skólanum sem að venju stendur fyrir árlegri árshátíð og jólahlaðborði. Vegna samkomutakmarkana var ekki hægt að halda hana, annað árið í röð. Sama átti við um jólahlaðborðið en í stað þess var starfsmönnum gefinn veglegur aðventuglaðningur.

Þrátt fyrir samkomutakmarkanir stóð starfsmannafélagið fyrir Þorragleði. Skemmtunin var haldin á Teams á bónsdaginn 22. janúar. Þá fengu starfsmenn matarbakka til að taka heim og skemmtu sér saman.

Einnig stóð Þorvaldur Guðjónsson félagsmála-fulltrúi fyrir fjarsvari í desember sem einnig var streymt á Teams. Þemað var jólin, starfsfólk skemmti sér konunglega og vel var mætt.

Þá var eitthvað um minni hittinga innan deilda skólans og reynt að gera það besta úr stöðunni miðað við aðstæður.

Stefnumótunardagur

Þann 5. nóvember var haldinn stefnumótunar-



dagur í framtíðarstofunni þar sem um tuttugu fulltrúar starfsmanna tóku þátt í að móta nýja stefnu skólans. Farið var yfir hlutverk, stefnu og gildi Tækniskólans og gafst öllum tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Það sama var gert með nemendahópi og stjórn.

SKÓLAHALD Í HEIMSFARALDRI

SKÓLASTARF Í FARALDRI


Líkt og 2020 hafði COVID-19 mikil áhrif á skólastarfið í Tækniskólanum og reyndi faraldurinn töluvert á aðlögunarhæfni og útsjónarsemi starfsmanna og nemenda skólans.

Starfið í skólanum tók reglulegum breytingum út árið í takt við þær reglur sem voru í gildi í samfélaginu hverju sinni og tilfærslur á kennslu algengar. Í heildina var þó hægt að bjóða upp á mun meiri kennslu í skólanum en árið 2020 og verkleg kennsla var að mestu í fullu staðnámi. Bókleg fög voru ýmist kennd í staðnámi eða í blöndu af stað- og fjarnámi og örfáum tilvikum alveg í fjarnámi. Nemendur gátu iðkað íþróttir og líkamsrækt í skólanum en þó með töluverðum takmörkunum.

Við skipulag kennslu var ávallt tekið mið af gildandi reglum og velferð nemenda og starfsmanna höfð í fyrirrúmi. Áfram var lögð mikil áhersla á sóttvarnir í húsunum og mátti nálgast spritt og grímur á mörgum stöðum í skólanum. Einnig var lögð áhersla á að halda fjarlægð, passa upp á hámarksfjölda í stofum og nemendur hvattir til að sinna persónulegum sóttvörnum. Grímuskylda var í skólanum stóran part af skólaárinu.

Húsnæði skólans var opið að mestu leyti allt starfsárið en þó komu nokkur tímabil þar sem bóknám var nánast alveg flutt yfir á Teams og einnig þurfti að loka skólanum alfarið nokkra daga fyrir páskafrí í lok mars vegna hertra aðgerða stjórnvalda.

Mötuneyti skólans var opið mestan hluta skólaársins en á löngum tímabilum var eingöngu boðið upp á kaldan mat í pakkningum. Þá var nemendum heimilt að neyta matar í hefðbundnum kennslustofum sem voru opnar í frímínútum.



Þetta var gert í þeim tilgangi að fækka í matsölum og tryggja að ekki kæmu saman of stórir hópar á einum stað.

Mikil vinna fór í smitrakningu á skólaárinu og kom það í hlut stjórnenda, kennara og starfsfólks skrifstofu að halda utan um hana.

Útskriftarathafnir

Sem betur fer tókst að halda nokkuð hefðbundnar útskriftarathafnir á bæði vorönn og haustönn 2021. Vegna sóttvarnarreglna þurfti þó að hafa báðar athafnir í tvennu lagi, gæta sóttvarna, virða fjöldatakmarkanir og passa upp á að fjarlægðarmörk væru virt.

Heimsóknir og félagslíf

Því miður þurfti að fresta eða hætta við ýmislegt vegna sóttvarnarreglna. Það gafst þó rými til þess að taka á móti litlum hópum í marsmánuði en þá heimsótti fjöldi nemenda úr grunnskóla Tækniskólann. Hins vegar þurfti að aflýsa öllum heimsóknum grunnskólanema og forráðamanna sem áttu að fara síðari hluta mars og í apríl. Sömuleiðis þurfti að aflýsa opnu húsi og Skrufudegi sem halda átti í lok marsmánaðar.

Faraldurinn hafði að sjálfsögðu áhrif á félagslífið og einhverjum viðburðum þurfti að fresta

eða aflýsa. Meira var um minni hittinga og gátu nemendur sótt um leyfi til þess að halda litla viðburði og klúbbkvöld. Umsóknir um slíkt voru teknar fyrir hjá neyðarstjórn skólans og metnar í ljósi stöðunnar hverju sinni. Haldið var vel utan um sóttvarnir í öllu félagsstarfi og notast við mætingarlista svo auðvelt væri að rekja smit ef til þess kæmi.

Heimsfaraldurinn setti vissulega stórt strik í skólastarf ársins en er það mat skólastjórnenda að með góðum undirbúningi, útsjónarsemi og samstöðu stjórnenda, kennara, annarra starfsmanna, nemenda og forráðamanna hafi tekist mjög vel að halda áfram kennslu og útskrifa stóran hóp nemenda á starfsárinu með miklum sóma.





TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

NEMENDAFJÖLDI Í DAGSKÓLA

Skóli	Braut nemenda	2017 V	2017 H	2018 V	2018 H	2019 V	2019 H	2020 V	2020 H	2021 V	2021 H
Byggingatekniskólinn	Almenn námsbraut	11	11	5	11	3	18	7	11	9	15
	Grunnnám tréiðna	12	7	2	55	13	59	30	84	40	82
	Húsasmíði	106	116	90	98	113	110	125	128	149	145
	Húsgagnabólstrun							1	2	5	7
	Húsgagnasmíði	41	50	42	45	31	41	41	42	42	20
	Málaraiðn	22	13	21	15	26	21	33	42	47	52
	Múriðn	31	33	32	29	44	42	43	57	58	46
	Pípulagnabraut	57	70	72	69	81	87	88	142	141	167
	Tréskipasmíði										1
	Tækнитеiknun	31	41	32	36	32	39	37	40	34	32
Veggfóðrun og dúkalagnir					6	8	14	13	11	6	
Samtals		311	341	296	358	349	425	419	561	537	572
Hönnunar- og handverksskólinn	Almenn námsbraut	7	10	6	6	7	17	6	21	14	14
	Fataiðn	29	24	16	8	19	7	24	16	31	18
	Fatataekni	30	33	20	29	23	51	26	49	34	50
	Gull- og silfursmíði	21	17	19	19	17	24	23	18	23	19
	Hársnyrtibraut	82	98	79	85	81	94	92	122	107	118
	Hönnunarbraut	86	78	57	72	84	93	97	111	117	101
	Skósmíði		1	2						1	
Samtals	255	261	199	219	231	286	268	337	327	320	
Raftækniskólinn	Almenn námsbraut	8	12	5	31	10	15	11	24	8	12
	Grunnnám rafíðna	149	154	131	185	186	190	207	253	258	266
	Rafeindavirkjun	32	24	15	7	5	7	1	18	21	33
	Rafvirkjun	34	46	66	61	66	105	82	84	76	76
Samtals	223	236	217	284	267	317	301	379	363	387	
Skipstjórnarskólinn	Skipstjórn	59	66	94	60	95	83	102	110	34	50
	Samtals	59	66	94	60	95	83	102	110	34	50
Tækniakademían	Hljóðtækni	20	22	21	17	23	18	34	26	35	36
	Kvikmyndatækni	23	21	17	23	12	29	14	29	14	28
	Stafræn hönnun	49	54	50	40	38	45	42	55	51	46
	Vefskólinn	36	37	34	32	23	9	8	20	17	32
Samtals	128	134	122	112	96	101	98	130	117	142	
Teknimenntaskólinn	Almenn námsbraut		15	12	4	2	23	3	17	5	16
	Íslenskubraut fyrir útlinga	62	68	63	78	70	83	101	126	116	127
	Janus endurhæfing	21	14	9	4	2	1				
	K2	25	49	45	69	67	65	57	62	61	72
	Náttúrufræðibraut	6	5	10	11	7	10	14	34	40	62
	Náttúrufræðibraut - flugtækni	16	26	21	25	25	25	22	17	7	4
	Náttúrufræðibraut - raftækni	12	11	6	11	13	9	11	5	2	1
	Náttúrufræðibraut - tölvutækni	7	11	11	11	16	20	22	12	8	3
	Starfsnám	59	63	55	51	55	58	51	62	62	71
	Stúdentspróf af fagbraut	14	18	20	10	8	5	6	13	16	12
Samtals	222	280	252	274	265	299	287	348	317	368	
Upplýsingatekniskólinn	Almenn námsbraut	33	36	21	31	18	14	5	12	3	
	Bókband		2	4	2	1	1		2	1	1
	Grafísk miðlun	25	32	30	23	22	27	27	27	26	26
	Ljósmyndun	8	13	19	11	9	15	13	25	23	15
	Prentun	1	3	1		3					
	Tölvubraut	262	251	219	222	194	202	184	183	177	194
	Upplýsinga- og fjölmiðlabraut	85	80	63	99	98	119	102	98	107	92
Samtals	414	417	357	388	345	378	331	347	337	328	
Véltækniskólinn	Almenn námsbraut	1									
	Grunnnám bíliðna										
	Grunnnám málmíðna	31	19	11	29	25	24	22	22	12	19
	Jarðvirkjun										2
	Málmíðngreinar, fyrri hluti										
	Rennismíði	11	12	14	5	3	6	8	12	10	12
	Stálmíðabraut	7	10	11	12	16	13	10	14	13	17
	Vélstjórn	168	157	154	140	127	126	133	147	130	135
	Vélvirkjun	16	20	20	26	24	22	21	29	28	31
	Samtals	234	218	210	212	195	191	194	224	193	216
Heild samtals		1846	1953	1747	1907	1843	2080	2000	2436	2225	2383

ALDURSDREIFING Í DAGSKÓLA

Fjöldi nemenda 18 ára og yngri, 19 ára og eldri:

Skóli	Aldur	2017 V	2017 H	2018 V	2018 H	2019 V	2019 H	2020 V	2020 H	2021 V	2021 H
		Byggingatækniskólinn	18 og undir	60	94	63	97	73	137	107	164
	19 og yfir	251	247	233	261	276	289	312	394	409	359
Hönnunar- og handverksskólinn	18 og undir	40	61	42	62	47	96	59	116	89	129
	19 og yfir	215	200	158	157	184	189	208	221	238	191
Raftækniskólinn	18 og undir	53	73	47	89	61	92	88	157	107	168
	19 og yfir	171	163	170	195	205	222	212	222	256	219
Skipstjórnarskólinn	18 og undir	5	12	6	8	3	6	6	8	4	10
	19 og yfir	54	55	88	52	92	77	94	102	30	40
Tækniakademían	18 og undir	1	5				4	1	3	1	4
	19 og yfir	127	141	122	112	96	97	97	127	116	138
Tæknimenntaskólinn	18 og undir	123	201	160	215	148	226	150	236	166	280
	19 og yfir	99	79	92	59	117	76	138	113	151	88
Upplýsingatækniskólinn	18 og undir	168	235	155	217	124	174	114	159	111	166
	19 og yfir	246	181	203	171	222	204	217	188	226	162
Véltækniskólinn	18 og undir	52	66	39	66	45	58	40	54	35	65
	19 og yfir	183	152	171	146	150	133	157	171	158	151
Tækniskólinn	18 og undir	502	747	512	754	501	793	565	897	641	1035
	19 og yfir	1346	1218	1237	1153	1342	1287	1435	1538	1584	1348

Hlutfall nemenda 18 ára og yngri, 19 ára og eldri:

Skóli	Aldur	2017 V	2017 H	2018 V	2018 H	2019 V	2019 H	2020 V	2020 H	2021 V	2021 H
		Byggingatækniskólinn	18 og undir	19%	28%	21%	27%	21%	32%	26%	29%
	19 og yfir	81%	72%	79%	73%	79%	68%	74%	71%	76%	63%
Hönnunar- og handverksskólinn	18 og undir	16%	23%	21%	28%	20%	34%	22%	34%	27%	40%
	19 og yfir	84%	77%	79%	72%	80%	66%	78%	66%	73%	60%
Raftækniskólinn	18 og undir	24%	31%	22%	31%	23%	29%	29%	41%	29%	43%
	19 og yfir	76%	69%	78%	69%	77%	71%	71%	59%	71%	57%
Skipstjórnarskólinn	18 og undir	8%	18%	6%	13%	3%	7%	6%	7%	12%	20%
	19 og yfir	92%	82%	94%	87%	97%	93%	94%	93%	88%	80%
Tækniakademían	18 og undir	1%	3%	0%	0%	0%	4%	1%	2%	1%	3%
	19 og yfir	99%	97%				96%	99%	98%	99%	97%
Tæknimenntaskólinn	18 og undir	55%	72%	63%	78%	56%	75%	52%	68%	52%	76%
	19 og yfir	45%	28%	37%	22%	44%	25%	48%	32%	48%	24%
Upplýsingatækniskólinn	18 og undir	41%	56%	43%	56%	36%	46%	34%	46%	33%	51%
	19 og yfir	59%	44%	57%	44%	64%	54%	66%	54%	67%	49%
Véltækniskólinn	18 og undir	22%	30%	19%	31%	23%	30%	20%	24%	18%	30%
	19 og yfir	78%	70%	81%	69%	77%	70%	80%	76%	82%	70%
Tækniskólinn	18 og undir	27%	38%	29%	40%	27%	38%	28%	37%	29%	43%
	19 og yfir	73%	62%	71%	60%	73%	62%	72%	63%	71%	57%

Meðalaldur nemenda í dagskóla:

Skóli	2017 V	2017 H	2018 V	2018 H	2019 V	2019 H	2020 V	2020 H	2021 V	2021 H
Byggingatækniskólinn	25.5	23.9	25.2	23.8	24.7	23.1	23.9	23.3	24.1	22.7
Hönnunar- og handverksskólinn	24.8	23.5	24.4	22.3	23.0	21.3	22.9	21.3	22.5	21.1
Raftækniskólinn	23.3	22.7	23.2	22.4	23.7	22.4	23.0	21.6	22.6	21.2
Skipstjórnarskólinn	27.0	24.7	28.9	27.1	33.1	30.2	33.4	33.8	31.8	26.0
Tækniakademían	26.0	25.1	25.9	25.8	25.9	23.6	24.0	24.9	25.8	25.8
Tæknimenntaskólinn	20.4	18.5	19.1	17.9	19.0	17.8	18.9	18.2	19.0	17.8
Upplýsingatækniskólinn	21.0	19.8	20.7	19.8	20.6	20.4	21.6	20.8	22.3	20.6
Véltækniskólinn	23.1	22.2	23.7	21.5	21.9	21.5	23.5	22.2	22.8	21.5
Tækniskólinn	23.3	22.0	23.1	21.7	22.9	21.7	23.0	22.2	22.7	21.3

DREIFNÁM



Fjöldi nemenda í dreifnámi:

Skóli	2017 V	2017 H	2018 V	2018 H	2019 V	2019 H	2020 V	2020 H	2021 V	2021 H
Byggingatækniskólinn	51	88	51	81	85	107	128	137	171	185
Hönnunar- og handverksskólinn									8	
Meistaraskólinn	265	277	260	245	224	249	303	368	400	436
Raftækniskólinn	57	86	101	101	95	109	118	147	140	114
Skipstjórnarskólinn	140	140	90	105	45	67	21	35	121	112
Tæknimenntaskólinn	14	5	21	19	5		28	1	38	
Upplýsingatækniskólinn	40	37		19		17		18		
Véltækniskólinn	38	33	28	36	11	13	3	4	2	
Tækniskólinn samtals	605	666	551	606	465	562	601	710	880	847


Meðalaldur nemenda í dreifnámi:

Skóli	2017 V	2017 H	2018 V	2018 H	2019 V	2019 H	2020 V	2020 H	2021 V	2021 H
Byggingatækniskólinn	37.0	32.7	34.7	31.3	34.3	35.3	36.0	35.6	36.4	36.1
Hönnunar- og handverksskólinn									28.4	
Meistaraskólinn	37.5	37.1	36.7	36.6	36.9	37.0	37.2	36.7	37.2	37.0
Raftækniskólinn	34.0	31.3	33.5	33.0	33.6	33.6	34.0	35.0	35.7	35.9
Skipstjórnarskólinn	35.9	34.5	37.2	36.4	40.7	37.6	40.1	35.7	36.7	34.1
Tæknimenntaskólinn	38.7	24.4	32.0	39.0	39.2		36.7	26.0	35.6	
Upplýsingatækniskólinn	31.4	28.6		28.2		29.9		31.4		
Véltækniskólinn	36.0	35.2	38.8	39.4	33.4	36.5	29.0	38.5	38.5	
Tækniskólinn	36.3	34.6	36.0	35.3	36.0	35.9	36.4	35.9	36.6	36.3


KYNJASKIPTING




Kynjaskipting í dagskóla - Hönnunar- og handverksskólinn




Kynjaskipting í dagskóla - Raftækniskólinn




Kynjaskipting í dagskóla - Skipstjórnarskólinn




Kynjaskipting í dagskóla - Tæknimenntaskólinn





Kynjaskipting í dagskóla - Upplýsingatækniskólinn




Kynjaskipting í dagskóla - Vél-tækniskólinn





Kynjaskipting - Kvöldskóli



AFKOMA ÁRSINS

Heildartekjur ársins 2020 voru 5.311,4 milljónir, þar af sértekjur 518,2 milljónir. Rekstrargjöld námu 5.019,5 milljónum, þar af námu laun, aðkeypt kennsla og annar starfsmannakostnaður 3.762,7 milljónum. Afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld námu 87,1 milljón og hagnaður ársins var því 204,7 milljónir króna.

Launahlutfall lækkar á milli ára, fer úr 72,3% í 70,8%.

Í árslok voru eignir 1.459,2 milljónir króna og eigið fé 946,1 milljón. Eiginfjárlutfall er 64,8% og hækkar um rúm 6% á milli ára.

Rekstrarreikningur ársins 2021

		2021	2020
	Skýringar		
Rekstrartekjur			
Þjónustusamningur Ríkissjóðs		4.777.395.687	4.418.290.273
Aðrar tekjur og styrkir		534.004.614	500.222.955
		<u>5.311.400.301</u>	<u>4.918.513.228</u>
Rekstrargjöld			
Laun, launatengd gjöld og aðkeypt vinna		3.762.727.571	3.555.818.099
Rekstur húsnæðis		899.018.479	869.350.362
Annar rekstrarkostnaður		357.730.020	296.051.683
		<u>5.019.476.070</u>	<u>4.721.220.144</u>
Afkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði		291.924.231	197.293.084
Afskrift viðskiptavildar	2	4.500.000	4.500.000
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	3	77.115.135	57.294.780
		<u>81.615.135</u>	<u>61.794.780</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		210.309.096	135.498.304
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		5.616.259	9.658.810
Vaxtagjöld, verðbætur og bankakostnaður		(7.258.009)	(4.586.020)
Gengismunur		(3.904.173)	6.970.641
		<u>(5.545.923)</u>	<u>12.043.431</u>
Afkoma ársins		<u>204.763.173</u>	<u>147.541.735</u>